

Greinargerð með tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu til ársins 2020.

Almennar forsendur fyrir tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu.

Þingsályktunartillaga um fjölskyldustefnu var unnin í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vorið 2013 og ákvörðun félags- og húsnæðismálaráðherra.

Leiðarljós í starfi verkefnisstjórnar var samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (hér eftir nefndur barnasáttmálinn). Árið 2014 voru 25 ár liðin frá því sáttmálinn var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna en hann var lögfestur hér á landi í ársbyrjun 2013. Það er því vel við hæfi að á þessum tímamótum skuli lögð fram heildstæð fjölskyldustefna sem miðar að því að innleiða sáttmálann að fullu og að tekið verði mið af honum við allar ákvarðanatökur og í starfi er varðar börn. Við innleiðingu barnasáttmálans hér á landi hafa mörg mikilvæg skref verið stigin. Þó má enn gera betur og hefur Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna meðal annars gagnrýnt að ekki hafi verið unnið með markvissum hætti að innleiðingu sáttmálans á Íslandi.¹ Fjölskyldustefnan sem nú er lögð fram styður við markvissa innleiðingu barnasáttmálans með hagsmuni barna að leiðarljósi.

Meginstef barnasáttmálans, réttindi barna til verndar, umönnunar og þátttöku endurspeglast í þeirri fjölskyldustefnu sem hér er lögð fram. Við mótun tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu var einnig horft til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá vorinu 2013 þar sem segir að „Ísland [eigi] að vera fjölskylduvænt land þar sem börn [búi] við öryggi og jöfn tækifæri og [njóti] lögvarinna réttinda líkt og aðrir þjóðfélagsþegnar“. Þessi atriði voru nánar útfærð í erindisbréfi verkefnisstjórnar og samráðshóps en þar kemur fram að miða skuli að því að tryggja félagslegan jöfnuð, að allar fjölskyldur njóti sama réttar og sé ekki mismunað. Leggja skuli áherslu á að tryggja efnahagslegt öryggi fjölskyldunnar og öryggi í húsnæðismálum. Tryggja skal jafnvægi milli fjölskyldu- og atvinnulífs og að jafna ábyrgð foreldra á heimilishaldi og uppeldi barna. Að lokum er lögð áhersla á að tryggja skuli vernd gegn ofbeldi ásamt vernd og stuðningi vegna ofneyslu áfengis og annarra fíkniefna.

Samræmd stefna í málefnum barnafjölskyldna byggist á þremur meginstoðum, lífsafkomu, aðgengi allra að þjónustu og virðingu fyrir rétti barnsins til þátttöku. Stefnan stuðlar að félagslegri fjárfestingu sem byggist á forvarnarhugsun og dregur úr líkum á ójöfnuði strax frá unga aldri. Í lífsafkomu felst öryggi í húsnæðismálum, atvinnuþátttaka foreldra og bótakerfi sem tryggir lágmarkskjör. Aðgengi allra að þjónustu felur í sér öflugna grunnþjónustu þar sem skólar, félags- og heilbrigðiskerfi vinna saman að því að tryggja öllum börnum gæðaðþjónustu. Virðing fyrir rétti barnsins felst í rétti til þátttöku í leik, sköpun, íþróttum og menningu og að vera þátttakandi í málum sem snerta það sjálft.²

Við mótun fjölskyldustefnunnar var tekið mið af annarri stefnumótun á málavíðinu en forðast að endurtaka það sem þar kemur fram. Það á til dæmis við stefnu í málefnum innflytjenda, heilbrigðis- og menntamálum. Þá var tekið mið af skoðunum og sjónarmiðum hagsmunaaðila og sérfræðinga. Leitast var við að setja fram tillögur að aðgerðum sem byggjast á gagnreyndri þekkingu. Ljóst er þó að á mörgum sviðum þarf að efla rannsóknir og bæta skráningu.

Verkefnisstjórnin fékk það verkefni að móta drög að fjölskyldustefnu sem næði til barna og foreldra þeirra og miðast tillögur sem settar eru fram við þá afmörkun. Ljóst er að ekki er allt sviðið spannað með þeirri nálgun, til dæmis er ekki fjallað um mikilvægi tengsla milli kynslóða og hvernig megi

styrkja þau og efla. Ekki er útilokað að fjallað verði um þennan þátt á öðrum vettvangi sem og aðra þætti sem ekki eru undir í þeirri fjölskyldustefnu sem hér er lögð fram.

Fjölskyldustefnan byggist á þeirri forsendu að fjárveitingar til stuðnings börnum og barnafjölskyldum verði nýttar með sem hagkvæmustum hætti og að með eflingu grunnþjónustu³ og markvissri ráðstöfun efnahagslegs stuðnings við barnafjölskyldur megi nýta enn betur það fé sem veitt er til málaflokksins.⁴

Ein af forsendum fyrir framkvæmd fjölskyldustefnu er að á tímabilinu verði lögð áhersla á að styrkja gagnreyndar rannsóknir, þekkingu og faglegt starf er varðarmálefni fjölskyldunnar.

Um framkvæmdaáætlun og einstök málasvið.

Í þingsályktunartillögunni er sett fram framkvæmdaáætlun sem byggist á þeim áhersluatriðum sem fram koma í fjölskyldustefnunni og nær hún til tímabilsins 2015–2020. Áætluninni er skipt upp í sex málasvið sem sett eru fram í stafrófsröð. Innan hvers málasviðs eru tilgreindar þrjár til tíu aðgerðir, flestar í kaflanum er nefnist velferð barna. Alls eru aðgerðirnar 32 talsins. Í hverri aðgerð eru sett fram skýr markmið og er framkvæmdaáætlunin tímasett, kostnaðargreind og settir fram árangursmælikvarðar auk þess sem ábyrgðaraðilar eru tilgreindir.

Við framkvæmd fjölskyldustefnu þarf að leggja megináherslu á samstarf ríkis og sveitarfélaga auk viðtækrar aðkomu og samráðs við fulltrúa atvinnulífs, félagasamtaka, hagsmunaðila og notendur þjónustu.

1 Afkoma og húsnæði

Fyrsta málasviðið nær yfir aðgerðir sem ná til afkomu og húsnæðismála. Lagt er til að ráðist verði í átak gegn barnafátækt og leigumarkaður eflur þannig að tryggja megi öryggi barnafjölskyldna. Afar brýnt er að huga að fjárhagslegri afkomu og húsnæðisöryggi fjölskyldna með börn með það fyrir augum að bæta efnahag þeirra heimila sem minnst hafa. Þá er hér lagt til að ráðstöfun opinberra fjármuna í þágu barna verði kortlögð þannig að hægt verði að greina áhrif útgjaldabreytinga á hagsmuni barna.

1.1 Átak gegn barnafátækt

Markmið: Að ekkert barn búi á heimili undir lágtekjumörkum.

Lýsing: Innleiddar verði barnatryggingar sem yrðu greiðslur með hverju barni sem býr á heimili með tekjur undir lágtekjumörkum samkvæmt árlegum útreikningum Hagstofu Íslands. Samhliða falli niður greiðslur vegna barna sem grundvallast á stöðu foreldra, svo sem barnalífeyrir almannatrygginga, viðbót við atvinnuleysisbætur vegna barna og mæðra- og feðralaun.

Greinargerð

Rannsóknir sýna að börn sem alast upp í fátækt eru líklegri en önnur börn til að búa síðar á lífsleiðinni við fjölþættan vanda hvað varðar heilsu, félagslegar aðstæður, menntun og atvinnu. Slíkur vandi er ekki eingöngu skaðlegur fyrir viðkomandi einstaklinga heldur veldur hann ýmsum samfélagslegum vanda og kostnaði fyrir samfélagið. Því er mikilvægt að auka félagslegan hreyfanleika.⁵ Mælingar Hagstofu Íslands, sem unnar eru fyrir lífskjararannsókn Eurostat, á hlutfalli barna undir lágtekjumörkum árið 2012 sýna að í samanburði við önnur Evrópulönd (27) er næst lægst hlutfall barna undir lágtekjumörkum á Íslandi. Með lágtekjumörkum er átt við:

Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu... Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. *equivalised disposable income*) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilistærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki.⁶

Þá er Ísland í sjöunda lægsta sæti hvað varðar hlutfall barna sem skortir ákveðin efnisleg gæði. Skortur á efnislegum gæðum er skilgreindur með eftirfarandi hætti:

Fólk telst búa við skort á efnislegum gæðum ef þrennt af eftirfarandi á við og verulegan skort ef fernt á við:

1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum.
2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni.
3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag.
4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum.
5. Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma.
6. Hefur ekki efni á sjónvarpstæki.
7. Hefur ekki efni á þvottavél.
8. Hefur ekki efni á bíl.
9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlegu heitu.⁷

Árið 2013 bjuggu 12.2% íslenskra barna á heimilum sem voru með tekjur undir lágtekjumörkum, samanborið við 9,3% allra landsmanna og 8,3% barna bjuggu á heimilum þar sem skorti efnisleg gæði. Þegar ólíkir hópar eru skoðaðir, til dæmis eftir aldri og fjölskyldugerð foreldra, kemur í ljós að hlutfall undir lágtekjumörkum breytist. Börn foreldra, undir 30 ára aldri voru líklegri til að vera fyrir neðan lágtekjumörk en önnur börn, eða 36,5% þeirra og 17,8% barna ungra foreldra skorti efnisleg lífsgæði. Þegar fjölskyldugerðir eru skoðaðar eru börn einstæðra foreldra líklegust til að vera fyrir neðan lágtekjumörk, eða 30,8% barna þeirra og 25% barna einstæðra foreldra skorti efnisleg lífsgæði. Til samanburðar má nefna að 6,2% barna á heimili með tveimur fullorðnum einstaklingum voru undir lágtekjumörkum og 4.1% skorti efnisleg gæði.⁸

Á grundvelli þessara staðreynda er lagt til að lagaumhverfi sem lýtur að efnahagslegum stuðningi við barnafjölskyldur sé tekið til endurskoðunar og einfaldað með það að markmiði að engin börn búi á heimilum þar sem tekjur eru undir skilgreindum lágtekjumörkum samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Lagt er til að nýr greiðsluflokkur barnatryggingar, sem eru greiðslur sem taka mið af heimilistekjum, verði innleiddar í stað greiðslna vegna barna sem í dag grundvallast á stöðu foreldra, samanber einnig skýrslu um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum.⁹ Þetta mun auka jafnræði og gera að verkum að foreldrar með lágar tekjur eigi allir sama rétt til bóta, einnig tekjulágir foreldrar á vinnumarkaði. Um er að ræða einföldun á núverandi bótakerfi vegna barna; það verður gagnsærra og hætta á skerðingaráhrifum vegna samspils ólíkra bótaflokka minnkar. Barnatryggingar koma ekki í stað barnabóta, heldur eru barnatryggingar sérstakar greiðslur til barnafjölskyldna með mjög lágar tekjur, óháð stöðu foreldra eða því hver tekjulindin er, það er hvort um atvinnutekjur eða bætur er að ræða. Rétt er að geta þess að Ísland er eina landið af Norðurlöndunum þar sem barnabætur eru tekjutengdar. Á hinum Norðurlöndunum eru greiddar barnabætur með hverju barni að 18 ára aldri, óháð tekjum foreldra.

Við smíði barnatryggingakerfis, og/eða eftir atvikum endurskoðun meðlagskerfis, þarf að tryggja að umgengnisforeldrar eigi rétt á stuðningi vegna framfærslu barns með sama hætti og foreldrar sem deila lögheimili með barni.

1.2 Framhaldsskólanemar frá tekjulágum heimilum

Markmið: Að tryggja að ungmenni á aldrinum 18–20 ára frá tekjulágum heimilum hverfi ekki úr námi sökum bágs efnahags foreldra.

Lýsing: Unnar verði tillögur sem miða að því að tryggja foreldrum, sem eru undir skilgreindum tekjuviðmiðum vegna barna- og húsnæðisbóta og eru með 18–20 ára framhaldsskólanema á heimili, rétt til bóta vegna framfærslu barna og kostnaðar vegna húsnæðis, sbr. aðgerð 1.3.

Greinargerð

Mörg ungmenni sem náð hafa 18 ára aldri búa enn í foreldrahúsum. Ekki er unnt að kalla fram upplýsingar um fjölskyldustærð úr þjóðskrá í núverandi kerfi þar sem einstaklingar eru skráðir einhleypir í þjóðskrá þegar 18 ára aldri er náð. Þessi staðreynd skekkir bæði upplýsingar um fjölskyldustærð og fjölskyldugerð. Um þetta er einnig fjallað í greinargerð við aðgerð 2.3 um skráningu upplýsinga. Í manntali 2011 er hins vegar bæði hægt að sjá raunverulega fjölskyldustærð og fjölskyldugerðir og í sérstakri keyrslu sem gerð var fyrir ráðuneytið á grundvelli manntalsgagna kemur fram að 88% ungmenna 18 og 19 ára búa í foreldrahúsum og 55% ungmenna á aldrinum 20–24 ára.¹⁰ Þessar upplýsingar hafa ekki verið haldbærar fyrr.

Brottfall úr framhaldskólum er hátt hér á landi¹¹ og ungmenni á aldrinum 18 ára til tvítugs sem búa á tekjulágum heimilum eru í sérstakri hættu á að hverfa frá námi. Við 18 ára aldur falla sérstakar bætur, svo sem barnabætur og hluti húsaleigubóta niður. Því er lagt til að fjölskyldur með tekjur undir skilgreindum tekjuviðmiðum, vegna barna- og húsaleigubóta, haldi þeim þar til ungmenni í framhaldsskóla hefur náð 20 ára aldri og til 24 ára aldurs ungmennis við sérstakar aðstæður, svo sem vegna veikinda, fötlunar eða félagslegra erfiðleika. Þetta getur verið mikilvægur stuðningur til að ungmenni hverfi ekki frá námi. Með stuðningi þessum eru námsmöguleikar ungs fólks bættir, þeim fækkað sem hverfa frá námi og stuðlað er að því að rjúfa vítahring fátæktar. Enn fremur þarf að huga að því að jöfnunarstyrkur fyrir nemendur í námi á framhaldsskólastigi, fjarri lögheimili og fjölskyldu, jafni forsendur til náms.

1.3 Jöfnun húsnæðiskostnaðar

Markmið: Að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra fjölskyldna án tillits til búsetuforms.

Lýsing: Teknar verði upp húsnæðisbætur til að mæta húsnæðiskostnaði tekjulágra heimila. Með því verði húsnæðisstuðningur jafn milli ólíkra búsetuforma og einnig óháður fjölskyldugerð. Gert er ráð fyrir því að húsnæðisbætur taki mið af fjölda heimilismanna eftir aldri, fari eftir tekjum og eignum og að tekið verði tillit til barna þeirra foreldra sem búa ekki saman. Tillögur 1.3 og 1.4 taka mið af tillögum verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála frá vorinu 2014.

Greinargerð

Útgjöld vegna húsnæðiskostnaðar eru jafnan stærsti einstaki útgjaldaliður fjölskyldunnar. Mikilvæg forsenda fyrir öflugum húsnæðiskerfi eru fjölbreyttir valkostir, öflugur leigumarkaður, hagkvæmir lánamöguleikar og skilvirkar aðgerðir stjórnvalda til að jafna húsnæðiskostnað sem taka mið af mismunandi forsendum barnafjölskyldna. Hlutfall barna sem búa á heimilum undir lágtekjumörkum eða sem skortir efnisleg gæði er hærra meðal leigjenda, en árið 2013 voru rúmlega 28% barna í leiguhúsnæði undir lágtekjumörkum en rúmlega 7% barna á heimilum með húsnæðislán.¹²

Stuðla þarf að því að stuðningur hins opinbera sé óháður búsetuformi og skiptist sem jafnast með tilliti til mismunandi valkosta. Huga þarf að því að dreifa húsnæðiskostnaðinum yfir æviskeið fjölskyldunnar og girða fyrir að mestur þunginn lendi á þau æviár sem útgjöld vegna barnauppeldis eru mest. Húsnæðiskerfið þarf að stuðla að blöndun þjóðfélagshópa í hverfum sem og öruggum leigumarkaði með langtímaleigu. Rannsóknir sýna að tíðir flutningar fjölskyldna geta leitt af sér félagsleg vandamál.

1.4 Leigumarkaður

Markmið: Að efla leigumarkað til að barnafjölskyldur geti búið í öruggu húsnæði.

Lýsing: Í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála verði fjárhagslegur stuðningur við leigufélög sem eru rekin án hagnaðarsjónarmiða í formi stofnframlaga eða

niðurgreiðslu vaxta. Fjármagnstekjuskattur á tekjur af útleigu íbúðarhúsnæðis verði lækkaður og sett verði tímabundið frítekjumark á húsaleigutekjur. Húsaleigulög verði endurskoðuð sem og lög um húsnæðissamvinnufélög. Stjórnvöld skuldbindi sig til að leggja sitt af mörkum til uppbyggingar leigumarkaðar og að gert verði átak í fjölgun íbúða sem eru reknað án hagnaðarsjónarmiða.

Greinargerð

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands hefur heimilum fjölskyldna í leiguhúsnæði fjölgað undanfarin ár og á það bæði við um fjölskyldur í leiguhúsnæði á almennum markaði eða þær sem leigja húsnæði í gegnum tiltekin úrræði á borð við félagslegar leiguíbúðir eða námsmannaíbúðir. Árið 2007 bjuggu 7,6% fjölskyldna í húsnæði á almennum leigumarkaði, en 14,2% árið 2013. Sambærilegar tölur fyrir fjölskyldur sem nutu leiguúrræða á félagslegum forsendum voru 7,7% árið 2007 og 10,7% árið 2013. Alls bjó því um fjórðungur fjölskyldna í leiguhúsnæði árið 2013 en sambærilegar tölur fyrir árið 2007 eru um 15%. Fjölgunin hefur verið meiri í leiguhúsnæði á almennum markaði og einna mest meðal fólks á aldrinum 25–34 ára, í lægri tekjuhópum og meðal einstæðra foreldra. Hlutfall heimila einstæðra foreldra á almennum leigumarkaði hefur aukist mest milli árána 2007 og 2013, eða úr 9,7% í 27,7%.

Sama þróun blasir við þegar þróun húsnæðiskostnaðar, sem hlutfall af ráðstöfunartekjum, er skoðuð miðað við tímabilið 2004–2013. Þetta hlutfall var hæst árið 2006 og hefur lækkað síðan þá en þróunin er ólík eftir hópum. Hlutfallið hækkaði meðal leigjenda en lækkaði meðal eigenda, hækkaði meðal heimila með einn fullorðinn einstakling og börn en lækkaði hjá heimilum tveggja fullorðinna með börn. Það hækkaði meðal fólks yngra en 30 ára en lækkaði á öðrum aldursbilum. Þá var íþyngjandi húsnæðiskostnaður mun algengari hjá fólki í lægsta tekjufimmtungi en hjá tekjuhærri hópum.

Í tillögum verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála eru settar fram tillögur um aðgerðir til að styrkja leigumarkaðinn og stöðu leigjenda, en hér er sérstaklega hnykkt á því að efla þurfi leigumarkað og gera leiguhúsnæði að öruggum valkosti í húsnæðismálum.

Öruggur leigumarkaður og nægilegt framboð leiguhúsnæðis með möguleikum á langtímaleigu er nauðsynleg forsenda öflugs og trausts leigumarkaðar. Mikilvægt er að bæta stöðu og öryggi leigjenda með því að lækka leigukostnað og þannig að stuðla að því að leigumarkaður með langtímaleigu verði raunhæfur valkostur.

1.5 Kostnaðar- og áhrifagreining opinberra útgjalda fyrir hagsmuni barna

Markmið: Að fá heildarmynd af fjárfestingu þjóðfélagsins í börnum.

Lýsing: Kortlögð verði ráðstöfun opinberra fjármuna í þágu barna svo sjá megi hvaða hluti opinberra útgjalda hefur bein áhrif á hagsmuni barna. Með því er hægt að skoða hvað þjónusta vegna barna kostar, um leið og greind eru áhrif útgjaldabreytinga á beina hagsmuni barna.

Greinargerð

Upplýsingar um kostnað vegna þjónustu við börn eru nauðsynlegar við stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum þeirra. Margir aðilar sem komu á fund verkefnisstjórnar um mótun fjölskyldustefnu og úr samráðshópi bentu á að kerfið í dag væri ógagnsætt og kostnaður ekki sundurgreindur með nógu skýrum hætti. Mikilvægt er að hið opinbera skilgreini útgjaldaflökka vegna þjónustu við börn svo auðveldara sé að kostnaðargreina þjónustuna og í framhaldinu að tengja saman kostnað, gæði og árangur.

Á grundvelli þessara ábendinga er lagt til að opinber ráðstöfun fjármagns vegna barna verði kortlögð svo að hægt sé að sjá hversu miklum fjármunum er varið í einstaka þjónustubætti við börn,

svo sem heilbrigðisþjónustu, sálfræði- og ráðgjafarþjónustu, lyfjakostnað, menntamál og frístundastarf. Fyrir Alþingi liggur lagafrumvarp um opinber fjármál sem styður við þessa aðgerð. Nái frumvarpið fram að ganga verður fagráðuneytum skylt að flokka útgjaldaramma og eigin kostnað með nýjum áherslum.¹³ Þetta verklag fellur vel að því að samþætta fagþekkingu á málefnum barna og fjármálaþekkingu við mótun fjárhagslíkans sem og upplýsingagjöf ríkisins.

Gera þarf kerfið þannig úr garði að hægt sé að skoða hvernig það fjármagn sem varið er í þjónustu og sértækrar aðgerðir fyrir börn nýtist. Með því verður unnt að fá fram heildarmynd af fjárfestingu þjóðfélagsins í börnum sem ekki er mögulegt í dag.

2 Fjölskyldulöggjöf og skráning upplýsinga

Annað málsviðið nær til aðgerða á sviði fjölskyldulöggjafar og almannaskráningar og er markmið aðgerða að tryggja hagsmuni og réttindi allra barna óháð fjölskyldugerð. Lagt er til að barnalög um framfærslu barna og ákvörðun meðlags verði endurskoðuð, skipað verði fagráð um fjölskyldurétt og að lokum að úrbætur verði gerðar á skráningu upplýsinga um barnafjölskyldur.

2.1 Endurskoðun barnalaga um framfærslu barna og ákvörðun meðlags þegar foreldrar búa ekki saman

Markmið: Að fyrirkomulag meðlagsgreiðslna þjóni hagsmunum barna og foreldra.

Lýsing: Endurskoðuð verði ákvæði barnalaga um framfærslu barna og ákvörðun um meðlag þegar foreldrar búa ekki saman. Lögð verði áhersla á að fyrirkomulagið þjóni hagsmunum barna og foreldra með sanngjörnum hætti. Við endurskoðunina skal meðal annars líta til löggjafar annarra Norðurlanda.

Greinargerð

Foreldrar eru almennt framfærsluskyldir gagnvart börnum sínum, en í núgildandi löggjöf eru hugtökin meðlag og meðlagsgreiðslur notuð um þau framlög sem foreldri sem barn býr ekki hjá leggur til framfærslu þess. Þegar svo háttar til að barn býr ekki hjá báðum foreldrum sínum sinnir það foreldri sem barnið býr hjá lögboðinni framfærsluskyldu sinni gagnvart því með því að veita barninu fæði, klæði, húsnæði og svo framvegis. Það foreldri sem barn býr ekki hjá sinnir framfærsluskyldum sínum á annan hátt, eða með greiðslu meðlags.¹⁴

Fjölskyldulöggjöf hefur tekið talsverðum breytingum á liðnum áratugum til að tryggja réttindi barna. Frá því að lögfest voru hér á landi ákvæði er varða framfærslu barna og ákvörðun meðlags hafa hins vegar orðið miklar breytingar á hlutverkum feðra og mæðra, en feður hafa aukið hlutdeild sína í umönnun barna og mæður hafa aukið þátttöku á vinnumarkaði. Stefnumótun og löggjöf hefur tekið mið af þessum breytingum að nokkru leyti og lögð er æ ríkari áhersla á að skapa báðum foreldrum raunhæfa möguleika á að bera ábyrgð á umönnun og uppeldi barna sinna. Í ljósi þeirra breytinga á umönnunarhlutverkum foreldra og þeirrar staðreyndar að það færir í vöxt að börn búi á heimilum beggja foreldra, jafnvel að jöfnu, er ljóst að það fyrirkomulag sem nú er til staðar er barn síns tíma. Flestar vestrænar þjóðir hafa endurskoðað reglur um framfærslu og meðlag í samræmi við samfélagslegar breytingar og þróun í barnarétti.¹⁵ Í framkvæmdaáætluninni er því aðgerð sem lýtur að endurskoðun ákvæða barnalaga um framfærslu barna og ákvörðun meðlags þegar foreldrar búa ekki saman.

Markmið með endurskoðun barnalaga er lýtur að framfærslu barna og ákvörðun meðlags, þegar foreldrar búa ekki saman, er að tryggja að þær reglur sem gilda þjóni hagsmunum barna og foreldra með sanngjörnum hætti en við endurskoðun skal meðal annars líta til löggjafar annarra

Norðurlanda. Þá ber að geta þess að nefnd sem þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði þann 7. maí 2008 skilaði ráðherra drögum að frumvarpi í ársbyrjun 2010. Nefndin lagði til að gerðar yrðu verulegar breytingar á núgildandi reglum íslenskra laga um framfærslu barns og ákvörðun meðlags þegar foreldrar búa ekki saman. Við mótun á hugmyndum um nýtt meðlagskerfi þótti nefndinni mikilvægt að undirstrika jafna ábyrgð beggja foreldra á framfærslu barns. Í athugasemdum í greinargerð með drögum að frumvarpinu kemur fram að í skipunarbréfi nefndarinnar hafi verið áréttað að nefndin hefði í huga að breytt meðlagskerfi yrði gagnsætt, fyrirsjáanlegt og einfalt í framkvæmd. Frumvarpið var hins vegar ekki lagt fram á Alþingi.¹⁶ Skoða þarf hvort drög að umræddu frumvarpi geti nýst við endurskoðun barnalaga um framfærslu barna og ákvörðun meðlags þegar foreldrar búa ekki saman.

Alþingi ályktaði nýverið að fela innanríkisráðherra, í samstarfi við félags- og húsnæðismálaráðherra, að skipa starfshóp til að kanna leiðir til að jafna stöðu heimila þeirra foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna en deila ekki heimili með tilliti til réttinda, skyldna og skráningar sem fylgir lögheimili barns. Starfshópurinn skal útfæra leiðir sem miða að því að eyða þeim mikla aðstöðumun sem ríkir þegar foreldrar sem búa ekki saman en ákveða að ala börn sín upp saman á tveimur heimilum.¹⁷ Lögð er áhersla á að endurskoðun barnalaga, um framfærslu barna og meðlag, taki mið af niðurstöðum starfshópsins.

2.2 Fagråd um fjölskyldurétt

Markmið: Að auka aðkomu fagaðila að þróun og breytingum á sviði fjölskylduréttar og tryggja að fjölskyldulöggjöf tryggi hagsmuni barna á hverjum tíma.

Lýsing: Skipað verði fagråd um fjölskyldurétt sem hafi það hlutverk að vera innanríkisráðherra til ráðgjafar á sviði fjölskylduréttar. Fagráðið verði meðal annars til ráðgjafar um samningu lagafrumvarpa og annarra reglna á sviði fjölskylduréttar, semji eftir atvikum lagafrumvörp og aðrar reglur að beiðni ráðherra, veiti umsagnir um lagafrumvörp og aðrar tillögur á sviði fjölskylduréttar, fylgist með og greini þróun á sviði fjölskylduréttar, þar með talið erlendri löggjöf, einkum á Norðurlöndum, og eftir atvikum taki þátt í norrænu samstarfi um fjölskyldurétt.

Greinargerð

Í framkvæmdaáætluninni er aðgerð sem snýr að þróun fjölskyldulöggjafar en lagt er til að innanríkisráðherra skipi fagråd um fjölskyldurétt sem hafi það hlutverk að vera ráðherra til ráðgjafar á sviði fjölskylduréttar líkt og refsiréttarnefnd á sviði refsiréttar og réttarfarsnefnd á sviði réttarfars. Er hér sérstaklega átt við mál sem til að mynda falla undir svið barnaréttar, hjúskaparréttar og ættleiðinga. Lagt er til að fagráðið veiti meðal annars ráðgjöf við gerð lagafrumvarpa og annarra reglna á sviði fjölskylduréttar, semji eftir atvikum lagafrumvörp og aðrar reglur að beiðni ráðherra, veiti umsagnir um lagafrumvörp og aðrar tillögur á sviði fjölskylduréttar. Fagráðið fylgist jafnframt með og greini þróun og nýmæli á sviði fjölskylduréttar, þar með talið erlendri löggjöf, einkum á Norðurlöndum, og eftir atvikum taki þátt í norrænu samstarfi um fjölskyldurétt. Sem dæmi má nefna ýmis álitamál, svo sem varðandi skráningu kyns við fæðingu og réttindi transfólks á sviði fjölskylduréttar.

Með stofnun fagráðsins verður unnt að auka aðkomu fagaðila að þróun og breytingum á sviði fjölskylduréttar og stuðlað að því að fjölskyldulöggjöf tryggi hagsmuni barna á hverjum tíma. Löng hefð er fyrir slíkum fastanefndum á sviði fjölskylduréttar en sífjalaganefnd, sem skipuð var af dóms- og kirkjumálaráðherra, var lögð niður árið 2007. Árið 2008 voru hins vegar skipaðar tvær tímabundnar nefndir til að endurskoða barnalög, annars vegar um framfærslu barna og meðlag og hins vegar um forsjá barna, búsetu og umgengni. Er lagt til að þessu verði komið aftur í fyrra horf

með skipun fastanefndar, fagráðs, á umræddu sviði. Lagt er til að fagráð um fjölskyldurétt verði skipað fyrir lok ársins 2015.

2.3 Skráning upplýsinga

Markmið: Bætt skráning upplýsinga um barnafjölskyldur.

Lýsing: Gerðar verði endurbætur á þjóðskrá þannig að hægt sé að kalla fram upplýsingar um fjölskyldutengsl barna og fullorðinna á heimili og foreldra sem ekki búa á heimilinu. Upplýsingar um umgengnisforeldra verði skráðar til jafns við lögheimilisforeldra, sbr. þingsályktun, mál nr. 71 á 143. löggjafarþingi, og hugað verði að því að skrá forsjá og líffræðilega foreldra, þegar mögulegt er. Einnig verði unnt að telja fjölskyldumeðlimi 18 ára og eldri sem búa á heimilinu til fjölskyldunnar.

Greinargerð

Fjölskyldur og fjölskyldutengsl eru afar fjölbreytt en almannaskráning nær ekki að fanga þann fjölbreytileika nema að litlu leyti.

Hinn 1. janúar 2014 voru einhleypir og kjarnafjölskyldur¹⁸ á landinu alls 176.676 talsins. Þar af voru barnafjölskyldur með börn undir 18 ára aldri 45.173 talsins eða um 26%.¹⁹ Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar þá samstanda um 50% barnafjölskyldna af börnum og fullorðnum í hjónabandi eða staðfestri samvist, um 22% af börnum og fullorðnum í óvígðri sambúð og 28% þeirra af börnum og einstæðum foreldrum.

Ekki er unnt að fá upplýsingar um tengsl milli barna og fullorðinna á heimili, til dæmis getur barn búið með tveimur fullorðnum sem skraddir eru í hjúskap og skrást þeir þá sem foreldrar barnsins án tillits til hvort þeir séu það báðir. Með öðrum orðum þá er ekki gerður greinarmunur á foreldrum eða stjúpföreltrum og maka foreldra. Foreldrar sem ekki deila lögheimili með börnum sínum, sem oft er vísað til sem „umgengnisforeldra“ eru hvergi taldir sem foreldrar. Þá eru ekki fyrirliggjandi upplýsingar um breytingar sem verða á fjölskyldum barna frá sjónarhóli barnsins, en slíkar upplýsingar eru unnar af Hagstofum á öllum öðrum Norðurlöndum.²⁰ Nú er ekki unnt að kalla fram upplýsingar um heimili þar sem einstaklingar 18 ára og eldri búa heima hjá foreldrum sínum þar sem þeir skrást einhleypir en slíkar upplýsingar gagnast við ákvarðanatökur, samanber aðgerð 1.2 um framhaldsskólanema frá tekjulágum heimilum.

Í manntali, sem byggist á upplýsingum um íbúa 31. desember 2011 og er fyrsta rafræna manntalið hérlendis, má lesa ýmsar upplýsingar sem ekki eru aðgengilegar í þjóðskrá, t.d. um fjölskyldur, heimili og húsnæði. Það gefur raunverulegri mynd af fjölskyldum og fjölda heimila þar sem ungmenni yfir 18 ára aldri eru talin til heimilismanna. Í manntali er skoðuð samsetning fjölskyldna eftir því hvar fólk býr en þannig fæst betri mynd af fjölskyldum en við höfum yfir að ráða með núverandi skráningarkerfi. Hugtakið fjölskyldukjarni samkvæmt manntalinu nær til tveggja eða fleiri einstaklinga sem búa saman og eru tengdir fjölskylduböndum sem makar eða sem foreldri og barn. Mikill munur felst í fjölskyldukjarna samkvæmt manntalinu og kjarnafjölskyldu sem mannfjöldatölur Hagstofunnar byggja á, þar sem aldur barna setur fjölskyldukjörnum engar skorður í manntalinu samanborið við almannaskráningu þjóðskrár þegar ungmenni teljast utan kjarnafjölskyldu við það að ná 18 ára aldri. Til einföldunar má halda því fram að manntalið leggi félagsfræðilegan skilning í hugtakið fjölskylda á meðan mannfjöldatölur byggja á lögheimilisskráningu þjóðskrár sem tekur mið af þörfum stjórnsýslunnar fyrir skráningu á lögformlegum réttindum íbúanna. Samkvæmt manntali 2011 voru fjölskyldur með börn á heimili undir 25 ára aldri, 54.222 talsins og meðalfjölskyldustærð var 3.64. Fjöldi barna 0–17 ára var 79.134 og fjöldi barna, 0–19 ára var 88.807.²¹

Til að bæta megi ákvarðanatökur og löggjöf, þannig að mæta megi þörfum fjölskyldna með markvissum hætti, þarf almannaskráning að ná að fanga fjölbreytta samsetningu fjölskyldna betur en nú er. Því er lagt til að gerðar verði endurbætur á þjóðskrá með það markmið í huga að betri mynd fái af barnafjölskyldum og hægt sé að kalla fram upplýsingar um hin ýmsu fjölskyldutengsl barna og fullorðinna á heimili og foreldra sem ekki búa á heimilinu. Skráningu þarf að breyta þannig að hún taki mið af tengslum einstaklinga á heimilum þar sem börn búa, því að það verður æ algengara að börn búi til skiptis á tveimur heimilum, til dæmis við skilnað foreldra. Einnig þarf að vera hægt að telja fjölskyldumeðlimi 18 ára og eldri sem búa á heimilinu til fjölskyldunnar en í dag teljast þeir utan kjarnafjölskyldu.

Alþingi hefur nú samþykkt þingsályktunartillögu um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldra sem miðar að því að nauðsynlegar upplýsingar um umgengnisforeldra verði skráðar í almannaskráningu á Íslandi.²² Tekið er undir þetta og lögð fram tillaga þar sem þörf á úrbótum er skilgreind frekar. Mjög mikilvægt er að unnið verði að endurbótum á skráningarkerfi, meðal annars svo að þær upplýsingar sem manntalið fangar verði aðgengilegar á ársgrundvelli og hægt sé að fá fram raunhæfari mynd af fjölskyldustöðu barna en nú er fánæg. Upplýsingar um raunverulega fjölskyldustöðu barna auðvelda vinnslu tölfræðiupplýsinga og gerð hagskýrsla og skapa tækifæri til markvissari stefnumótunar og ákvarðanatöku sem byggist á staðreyndum.

3 Fjölskyldur, fræðsla, forvarnir

Á þriðja málavíði er lögð áhersla á forvarnir og fræðslu. Hér er fjallað um fræðslu fyrir börn, foreldra og þá sem starfa með börnum. Fræðslan taki til foreldrahlutverks og áhættuþátta í lífi barna. Tilgangur forvarnarstarfs og fræðslu er að koma í veg fyrir vanda þegar þess er kostur en fræðslan snýr einnig að því að skapa þekkingu til að draga úr skaða þegar vandinn er þegar til staðar. Leiða má líkur að því að ef fyrir hendi er öflugt forvarnar- og fræðslustarf þá geti það leitt til sparnaðar þar sem draga má úr kostnaði vegna sérfræðiþjónustu og lyfjanotkunar. Horft er til þess að með öflugum og samhæfðu forvarnarstarfi megi á sama tíma bæta nýtingu fjármagns og auka lífsgæði komandi kynslóða.

3.1 Fræðsla um foreldrahlutverk

Markmið: Að efla foreldrafærni.

Lýsing: Gerð verði áætlun um hvernig haga megi fræðslu um foreldrahlutverk og undirbúning undir fjölskyldulíf. Tryggja þarf fræðslu til allra foreldra og að fræðslan sé miðuð að mismunandi þörfum þeirra. Þá verði enn fremur tryggt að foreldrum standi til boða fræðsla um áfengis- og vímuefnamál, einelti, kynheilbrigði, ofbeldi og vanrækslu. Foreldrum án tillits til búsetu verði tryggt aðgengi að slíkri fræðslu.

Greinargerð

Liður í því að stuðla að því að börn njóti bestu mögulegra uppeldisskilyrða er að hefja fræðslu og forvarnarstarf með barnafjölskyldum þegar á meðgöngu. Öflugt forvarnarstarf er til þess fallið að draga úr líkum á vandamálum og leiðir jafnframt til sparnaðar. Afar brýnt er að hlúð sé að tengslamyndun barns og foreldra fyrstu uppvaxtarárin en sýnt hefur verið fram á að á fyrstu árum barnsins er lagður grunnur að heilsu og vellíðan bæði í barnæsku og síðar á lífsleiðinni. Með hliðsjón af þeirri þekkingu verður mikilvægi forvarna seint ofmetið.

Ekki er síst mikilvægt að tryggja að foreldrum standi til boða fræðsla um uppeldi, fjölskyldulíf og foreldrahlutverk og að notaðar séu gagnreyndar aðferðir. Hérlandis eru ýmis dæmi til um slíka

foreldrafræðslu; sem dæmi má nefna PMT foreldrafærninámskeið sem haldin hafa verið víða um land, en PMT stendur fyrir „Parent Management Training“. Aðferðafræðin byggist á grunni rannsókna sem sýna að það dragi verulega úr hegðunarerfiðleikum barna og unglinga og að árangur sé mestur ef unnt er að grípa snemma inn í og vinna með vandann á fyrstu stigum. Önnur námskeið má nefna svo sem námskeiðið „Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar“, sem haldið hefur verið hjá ýmsum sveitarfélögum og á Hegðunar- og þroskastöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem þróaði námskeiðið. Þar er lögð áhersla á að kenna foreldrum aðferðir til að skapa æskileg uppeldisskilyrði sem líklegust eru til að skila árangri í lífi barns. Þannig er lagður grunnur að því að barnið þroski með sér mikilvæga eiginleika og tileinki sér færni sem nýtist til frambúðar. Jafnframt er dregið úr líkum á ýmsum erfiðleikum í framtíðinni. Allir foreldrar eru hvattir til að sækja þessi námskeið, ekki síst þeir sem eiga börn undir þriggja ára aldri. Víða í Bretlandi hefur „Solihull“ aðferðafræðin við fræðslu til foreldra og starfsfólks sem vinnur með börnum verið innleidd með góðum árangri en eitt af meginatriðum þeirrar vinnu er að auka foreldrafærni.²³ Þá hefur fræðsla um foreldrahlutverk og uppeldi jákvæð áhrif fyrir fjölskyldur sem glíma við vandamál.²⁴

Enn fremur þarf að tryggja að foreldrum standi til boða fræðsla um áfengis- og vímuefnamál, einelti, kynheilbrigði, ofbeldi og vanrækslu. Með fræðslunni má auka vitund og þekkingu foreldra og draga úr líkum á að börn búi við vanrækslu eða séu beitt ofbeldi.²⁵ Fræðslan þarf að mæta þörfum allra foreldra og taka mið af fjölskyldustöðu og aldri. Mikilvægt er að gerð sé áætlun um fræðslu sem nái til allra barna óháð búsetu eða stöðu foreldra.

3.2 Fræðsla fyrir fólk sem starfar með börnum um áhættuþætti í lífi barna

Markmið: Að draga úr áhættuþáttum í lífi barna.

Lýsing: Gerðar verði áætlanir um fræðslu fagfólks og annarra sem starfa með börnum. Tryggja þarf að fræðsla um áhættuþætti, svo sem áfengis- og vímuefnasjúkdóma, einelti, ofbeldi og vanrækslu, sé hluti af námi fagstétta sem starfa með börnum. Einnig verði lögð sérstök áhersla á fræðslu um tilkynningarskyldu. Skoðað verði hvort efla megi skimun fyrir þessum áhættuþáttum.

Greinargerð

Ljóst er að mörg börn búa við ýmiss konar vá en árið 2013 bárust barnaverndarnefndum á landinu 3.109 tilkynningar vegna vanrækslu og 2.257 vegna ofbeldis.²⁶ Ofbeldi gegn börnum er ekki alltaf skráð sem slíkt en til eru dæmi um að það sé skráð sem slys á börnum. Til að auka líkur á að börn, sem verða fyrir ofbeldi eða búa við ofneyslu áfengis og vímuefna, greini frá reynslu sinni og/eða sé komið til hjálpar er brýnt að efla fræðslu og forvarnir fyrir fólk sem starfar með börnum um áhættuþætti í lífi barnanna.

Með aukinni fræðslu má stuðla að því að þeir sem starfa með börnum beri kennsl á börn sem búa við slæmt atlati á einn eða annan hátt og þekki úrræði og leiðir til að aðstoða barnið og fjölskyldu þess.

3.3 Fræðsla fyrir börn um ofbeldi, vanrækslu og einelti

Markmið: Að koma í veg fyrir hvers konar ofbeldi, þar með talið vanrækslu og einelti gegn börnum.

Lýsing: Gerð verði fræðsluáætlun sem tekur mið af þroska og aldri barna. Meðal annars verði tryggt að öll börn fái fræðslu um 112 neyðarnúmer. Þá verði aukin áhersla lögð á fræðslu sem forvörn um ofbeldi í aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þannig má auka vitund og þekkingu barna um ofbeldi, vanrækslu og einelti og stuðla að því að þau greini frá vitneskju eða reynslu sinni.

Greinargerð

Ofbeldi er skýlaust mannréttindabrot og víðtækt samfélagsmál. Alkunna er að ofbeldi hefur neikvæð áhrif á líðan barna, þroska þeirra, félagstengsl, menntun og heilsufar, hvort sem þau verða fyrir því sjálf eða verða vitni að því. Alvarleiki málsins kemur skýrt fram hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um aðgerðaáætlanir gegn heimilisofbeldi (2010), í áætlun Evrópuráðsins (2011), í samningi Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu barna sem samþykktur var á Lanzarote árið 2007, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ýmsum baráttusamtökum.

Ofbeldi á sér samfélagslegar rætur og tengist fordómum, staðalímyndum og goðsögnum. Menntastofnanir á öllum skólastigum ættu að láta sig varða ofbeldi gegn nemendum. Ofbeldi sem beinist að börnum getur haft umtalsverð áhrif á starf kennara sem og annað starfslíð skóla. Ætla má að þeir sem starfa í skólum þekki nokkuð til áhrifa og afleiðinga ofbeldis, en að þeir hafi ekki nægjanlega þekkingu á viðeigandi viðbrögðum við slíkri vá.

Ofbeldi eins og það snertir börn snýr að líðan þeirra og félagsmótun. Umfjöllun um efnið hefur aukist og því má vænta að börn og unglingar verði þess meira áskynja nú en fyrr. Nauðsynlegt er að auka vitund og þekkingu barna á ofbeldi en þannig má stuðla að því að þau greini frá vitneskju eða reynslu sinni og koma þannig í veg fyrir ofbeldi. Enn fremur sé lögð áhersla á fræðslu og þjálfun þeirra sem starfa við símsvörun hjá neyðarlínunni 112, um hvernig taka eigi á móti símtölum frá börnum.

3.4 Aðgerðaáætlanir gegn einelti og fagráð eineltismála

Markmið: Að koma í veg fyrir einelti gegn börnum.

Lýsing: Lög um leikskóla verði endurskoðuð með það að markmiði að leikskólar setji sér aðgerðaáætlun gegn einelti með virkri viðbragsáætlun og komið verði á fagráði eineltismála fyrir leikskólastig. Aðgerðaáætlanir gegn einelti verði settar fyrir öll skólastig.

Greinargerð

Við endurskoðun laga um grunnskóla og framhaldsskóla sem tóku gildi árið 2008 voru sett inn ákvæði um að skólar setji sér aðgerðaáætlanir sem miða að því að koma í veg fyrir einelti, en slík ákvæði er ekki að finna í lögum um leikskóla. Lögð er áhersla á að allir leik-, grunn- og framhaldsskólar setji sér aðgerðaáætlanir sem miða að því að koma í veg fyrir einelti. Lögð er áhersla á að allir grunn- og framhaldsskólar setji sér aðgerðaáætlanir og að sett verði inn sambærileg ákvæði í lög um leikskóla. Vakin er athygli á því að verið er að endurskoða íþróttalög, nr. 64/1998, og æskulýðslög, nr. 70/2007, með það að markmiði að aðilar sem standa að skipulögðu frístundastarfi setji sér viðbragðsáætlun gegn einelti. Það er ekki síður mikilvægt að sett séu ákvæði inn í leikskólalög sem miða að því að koma í veg fyrir einelti þar sem einelti á sér einnig stað á því skólastigi. Samhliða endurskoðun á lögum þarf að vinna að því að setja við löginn sambærilegar reglugerðir og 7. gr. reglugerðar, um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins, nr. 1040/2011.

Fagráðum vegna eineltis hefur verið komið á fót fyrir grunn- og framhaldsskóla til samræmis við lög um þessi skólastig en ekki hefur enn verið komið á fagráði fyrir leikskóla. Lögð er áhersla á að vel sé staðið að því að kynna hlutverk fagráða til að tryggja virkni þeirra.

3.5 Fræðsla fyrir börn um áfengis- og vímuefnamál

Markmið: Að koma í veg fyrir áfengis- og vímuefnaneyslu barna.

Lýsing: Öll börn eiga rétt á vönduðustu fræðslu sem völ er á um skaðsemi áfengis og vímuefna. Kortlagt verði það starf sem nú er unnið á sviði forvarnarfræðslu með það fyrir augum að samhæfa það og efla.

Greinargerð

Öflug markaðssetning áfengis og vímuefna, miðuð að börnum og ungmennum, á sér stað víða í samfélaginu. Framleiðendur efnanna eru oft og tíðum fjársterkir og auk hefðbundinna auglýsinga nýta þeir sér samfélagsmiðla til að koma á framfæri áróðri, til að mynda um skaðleysi þeirra vímuefna sem þeir selja. Ýmsir aðilar koma að forvarnarstarfi fyrir börn og oftast er starfið samþætt skólustarfi með einhverju móti. Við skipulagningu forvarnarstarfs þarf að gæta að því að öll börn eiga rétt á fræðslu og gæði hennar eiga ekki að ráðast af búsetu barnsins. Mikilvægt er að vanda til fræðslu og forvarnarstarfs og byggja það á gagnreyndum aðferðum.²⁷ Þannig má auka líkur á að það skili örugglega þeim árangri sem stefnt er að, það er að börn taki þá ákvörðun að neyta hvorki áfengis- né vímuefna. Mikilvægt er því að fræðslan sé þannig úr garði gerð að hún nái til barnanna og hæfi aldri þeirra og þroska, en til er vandað efni frá öðrum löndum sem líta mætti til.²⁸ Æskilegt er að leggja áherslu á forvarnir á þremur stigum:

Fyrsta stigs eða undirstöðu forvarnir eru fyrir börn og unglunga á aldrinum 8 til 16 ára. Að þessari fræðslu koma foreldrar og skóli. Á þessu stigi er lögð áhersla á að efla sjálfstraust, sjálfsvirðingu og sjálfsmynd barnanna sem skilar sér í aukinni samskiptahæfni og betri lífsgæðum, auk fræðslu um vímuefni sem hæfir þroska þeirra og aldri.

Annars stigs forvarnir eru fyrir unglunga á aldrinum 15 til 18 ára sem byrjaðir eru að hugsa um neyslu eða hafa þegar hafið neyslu áfengis og/eða annarra vímuefna. Áherslan er lögð á sjálfsefningu, samskipti og aukin lífsgæði. Markmiðið er að unglingar þekki sjúkdóminn áfengis- og vímuefnasýki og hvernig neysla vímuefna hefur áhrif á einstaklinginn andlega, líkamlega og félagslega. Að þessari fræðslu koma foreldrar og fræðsluaðilar svo sem framhaldsskóli.

Þriðja stigs forvarnir eru fyrir börn og unglunga sem eru farin að sýna af sér áhættuhegðun og byrjuð í vímuefnaneyslu og eru annað hvort við það að missa stjórn á henni eða hafa þegar misst stjórn og eru farin að upplifa fíkn og fráhrarfseinkenni. Forvarnir af þessu tagi eru í formi fræðslu og ráðgjafar sérfræðinga á sviði vímuefnamála, svo sem lækna, félagsráðgjafa eða áfengis- og vímuefnaráðgjafa með embættispróf. Markmiðið er að veita sem besta ráðgjöf, stuðning og meðferð sem völ er á fyrir fjölskylduna í heild, þann sem í neyslu er og foreldra og systkini eftir atvikum.

Í dag er margt vel gert á þessu sviði en mikilvægt er að samhæfa og efla þá fræðslu sem veitt er. Þessi aðgerð er dæmi um forvarnarstarf sem talið er leiða til sparnaðar í velferðarkerfinu því auk neikvæðra áhrifa neyslu á barn og nærumhverfi þess er kostnaður samfélagsins af áfengis- og vímuefnavanda barna mikill.

3.6 Netnotkun og velferð barna

Markmið: Að efla foreldra til að takast á við barnauppleði í upplýsingasamfélagi.

Lýsing: Foreldrar þurfa að geta leiðbeint börnum sínum um netöryggi og stutt þau í að hafa stjórn á tölvunotkun. Lagt er til að þörf fyrir fræðslu og þjónustu við foreldra í þessum tilgangi, verði skilgreind. Jafnframt verði skoðað hvort viðeigandi úrræði standi fjölskyldum til boða í þeim tilvikum þar sem börn verða fyrir rafrænu einelti, árásum á einkalíf eða sýna einkenni netávana.

Greinargerð

Rannsóknir sýna að börn eru í ákveðinni hættu á að verða fyrir áreitni, einelti og árásum á einkalíf á samfélagsmiðlum.²⁹ Sérstök aðgerðaáætlun hefur verið innleidd af Evrópusambandinu með það að markmiði að draga úr áhættu fyrir börn.³⁰

Aðgengi barna að netinu og samfélagsmiðlum kallar á að foreldrar hafi þekkingu til að geta leiðbeint börnum sínum um hvernig varast beri hættur, til dæmis tælingu eða rafrænt einelti. Ólíkt mörgum öðrum sviðum þekkingar þá geta fáir foreldrar miðlað af reynslu úr eigin barnæsku þar sem ný tækni og tækifæri opnast næstum daglega. Það færast einnig í vöxt að börn eigi við svokallaðan netávana að stríða (í daglegum tali stundum kallað tölvufíkn) sem lýsir sér í því að börnin hafa ekki stjórn á netnotkun sinni.³¹

Starfshópnum er falið að skilgreina þörf fyrir fræðslu og þjónustu við foreldra og skoða hvort viðeigandi úrræði séu fyrir hendi ef börn verða fyrir áreitni, rafrænu einelti, ofbeldi eða sýna einkenni netávana.

3.7 Fræðsla um kynheilbrigði og klám

Markmið: Að draga úr notkun barna á klámefni og efla kynheilbrigði.

Lýsing: Unnin verði fræðsluáætlun um kynheilbrigði og áhrif notkunar klámefnis sem börn hafa aðgengi að á Netinu. Áætlunin taki mið af mismunandi hópum, þ.e. unglingum, foreldrum og þeim sem vinna með ungu fólki. Tryggja þarf að öll börn sem ljúka grunnskóla hafi fengið markvissa fræðslu um kynheilbrigði.

Greinargerð

Áhorf íslenskra ungmenna, sérstaklega drengja, á klám er mikið. Rannsóknir sýna að nær öll börn á aldrinum 14–18 ára hafa séð klám og að hlutfall drengja á aldrinum 16–19 ára, sem horfa á klám vikulega eða oft, mælist hæst hér á landi borið saman við önnur Norðurlönd. Börn rekast gjarnan á klám fyrir tilviljun en þau eru sammála um að auðvelt sé að nálgast það, hvort sem er í gegnum netið, sjónvarp eða aðra miðla. Mörg börn sjá klám vegna þess að þau fá sendan tölvupóst í fjöldasendingu frá ókunnugum eða það birtist gluggi í tölvunni þeirra sem leiðir þau inn á klámsíður. Efnið er af fjölbreyttum toga og sýnir ýmsar hliðar kynlífs.³²

Mikið áhorf á klám er meðal annars líklegt til að leiða til lægri aldurs við fyrstu kynmök. Þá getur það leitt til þess að ungmenni fái ýmsar hugmyndir um kynlíf sem ekki eiga sér endilega samsömun í veruleikanum.³³ Kynferðisbrotum hefur fjölgað talsvert en skráð kynferðisbrot voru 352 að meðaltali árin 2010–2012 en 2013 voru þau 731 talsins.³⁴ Fjölgun kynferðisbrota sýnir þörfina fyrir slíka fræðslu.

4 Frístundastarf barna

Fjórða málavíðið fjallar um aðgerðir er varða frístundastarf barna og þátttöku foreldra í skólastarfi. Fjölbreytt frístundastarf er mikilvægur þáttur í þroska hvers einstaklings en dæmi eru um að börn hafi ekki aðgang að skipulögðu frístundastarfi.

4.1 Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi utan skólatíma

Markmið: Að öll börn eigi kost á að taka þátt í skipulögðu frístundastarfi.

Lýsing: Unnar verði tillögur sem miða að því tryggja að öll börn eigi þess kost að taka virkan þátt í skipulögðu frístundastarfi og geti tekið þátt í að minnsta kosti einni tegund frístundastarfs. Enn fremur verði skoðaðar leiðir til að bágur efnahagur foreldra takmarki ekki möguleika barna til að geta tekið þátt í að minnsta kosti einni tegund frístundastarfs.

Greinargerð

Með frístundastarfi er átt við skipulagða félagsstarfsemi þar sem börn starfa saman að áhugamálum að eigin vali og þau meta að verðleikum.³⁵ Undir frístundastarf flokkast frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, ungmennahús, starf frjálsra félagasamtaka og sjálfstætt starf og félög ungs fólks.³⁶ Í rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands árið 2012 á aðstæðum reykvískra foreldra sögðust rétt tæplega 30% foreldra hafa lent í vandræðum með að greiða fyrir íþrótt- og tómstundastarf barna sinna, en hlutfallið var hærra meðal þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð, eða um 45%. Margir foreldrar hafa einhvern tímann lent í vandræðum með að greiða fyrir frístundastarf barna sinna og ekki hafa öll börn sama tækifæri til að stunda frístundir.³⁷

Þegar kemur að því að tryggja rétt barna til þátttöku í frístundastarfi þarf að skoða leiðir sem tryggja börnum efnaminni foreldra aðgang að frístundastarfi og einnig er mikilvægt að huga að viðkvæmum hópum eins og börnum af erlendum uppruna en reynslan sýnir að frístundastarf barna eins og þekkt hér á landi er mörgum innflytjendafjölskyldum framandi. Börn þeirra eru því viðkvæmur hópur sem getur þurft sérstakan stuðning.³⁸ Rannsóknir hafa bent til þess að bágur efnahagur foreldra úr hópi öryrkja geti hindrað þátttöku barna þeirra í frístundastarfi. Í rannsókn Rannveigar Traustadóttur (2011) lögðu foreldrar úr þeim hópi áherslu á að börnin gætu tekið þátt í frístundastarfi en áttu oft erfitt með að standa straum af kostnaði sem því fylgir og lítið var um að þeir gætu leyft sér að sækja skemmtanir eins og kvikmynda- og leiksýningar.³⁹

Þá skal þess getið að einn þeirra þátta sem skipta mestu máli þegar horft er til forvarna á sviði áfengis- og vímuefnaneyslu er þátttaka í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Rannsóknir sýna að börn og ungmenni sem taka virkan þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi eru síður líkleg til að drekka áfengi, reykja eða neyta annarra vímuefna.⁴⁰ Þannig vinnur þessi aðgerð með forvörnum gegn áfengi og vímuefnum sem nánar er komið inn á í 3. kafla.

4.2 Frístundastarf barna í skólaleyfum

Markmið: Að tryggja aðgengi að frístundastarfi í skólaleyfum.

Lýsing: Unnar verði tillögur sem miða að því að tryggja öllum grunnskólabörnum á fyrsta stigi grunnskóla aðgengi að skipulögðu frístundastarfi í skólaleyfum. Miða skal við þann tíma sem foreldrar eiga ekki kost að verja með börnum sínum vegna vinnu og að bágur efnahagur takmarki ekki möguleika barna til að geta tekið þátt í frístundastarfi.

Greinargerð

Liður í að stuðla að velferð barna er að tryggja þeim aðgang að fjölbreyttu frístundastarfi allan ársins hring. Á sama hátt og huga þarf að réttindum barna til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi utan skólatíma, samanber aðgerð 6.1, þarf að tryggja réttindi þeirra til þátttöku í frístundastarfi í sumarfríum sem eru lengri en sumarfrí foreldra. Tryggja þarf nægt framboð frístunda þann tíma sem grunnskólar starfa ekki yfir sumartímann og á verði sem foreldrar hafa tök á að greiða. Þannig standi öllum börnum á fyrsta stigi grunnskóla til boða að stunda frístundastarf þann tíma sem foreldrar geta ekki varið með þeim vegna vinnu.⁴¹ Í þessu samhengi er bent á stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum frá árinu 2011 og hvatt til að stofnað verði til skipulegs samráðs ríkis, sveitarfélaga og rekstraraðila íþróttamannvirkja þannig að við uppbyggingu þeirra verði hugað að því að þau nýtist yngstu borgurunum við íþróttastarf og annað frístundastarf jafnt að sumri sem vetri.⁴²

Tillagan gerir ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi, það er að foreldrar greiði lágmarksgjald fyrir þátttöku barna sinna í frístundastarfi í sumarfríum, en jafnframt sé tryggt að efnahagur foreldra útiloki börn ekki frá þátttöku.

4.3 Aðkoma og samráð við foreldra í skólastarfi

Markmið: Að auka þátttöku, aðkomu og samstarf foreldra að skólastarfi.

Lýsing: Kannað verði hvernig staðið er að framkvæmd á ákvæðum laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem fjallað er um aðkomu foreldra/hagsmunaaðila að skólastarfi og unnar verði tillögur að úrbótum ef þörf er á.

Greinargerð

Með aðgerð um aðkomu og samráð við foreldra í skólastarfi er leitast við að styðja við lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla frá árinu 2008, samanber ákvæði sem miða að því að styrkja og auka þátttöku foreldra í skólastarfi og tryggja nánari tengsl þeirra við stjórn skóla og skólasamfélagið. Lögin miða að því að auka og styrkja formlega aðkomu foreldra að skólastarfi og auka þátttöku þeirra í stefnumótun einstakra skóla en foreldrar eru auðlind í skólastarfi og með aðkomu þeirra má bæta nám og líðan barna til muna.⁴³

Með nýju leikskólalögum árið 2008 voru foreldraráð við leikskóla lögfest í fyrsta sinn. Mikilvægt er að kannað sé hvort þessi lagabreyting hafi skilað sér í breyttu vinnulagi leikskóla.

Á grunnskólastigi fólst meginbreytingin árið 2008 í ákvæðum um skólaráð sem kom í stað foreldraráða og kennararáða. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólalag, sjá nánar í reglugerð um skólaráð í grunnskóla.⁴⁴ Árið 2008 var einnig fest í lög að foreldrafélög starfi við alla grunnskóla en áður var starfsemi foreldrafélaga valkvæð. Foreldrafélög skulu styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Skólastjórar eru ábyrgir fyrir stofnun foreldrafélaga og sjá til þess að félögin fái aðstoð eftir þörfum. Ákvæði grunnskólalaga frá árinu 2008 hafa verið innleidd að hluta en mikilvægt er að meta hvernig til hefur tekist og bæta úr þar sem þörf er á.

Á framhaldsskólastigi var það í fyrsta sinn fest í lög, árið 2008, að skipa skuli foreldraráð við hvern framhaldsskóla og að foreldrar fái áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Þessi löggjöf skapar foreldrum tækifæri til aukinnar þátttöku í skólastarfi 16–18 ára barna og hefur mikið forvarnargildi. Því er mikilvægt að kanna hvort breyting á lögum um framhaldsskóla hafi skilað sér í bættu vinnulagi framhaldsskóla um land allt.

5 Umönnun og samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Fimmta málasviðið inniheldur tillögur að aðgerðum sem miða að því að auka rétt barna til umönnunar beggja foreldra og auðvelda foreldrum að samþætta fjölskyldu- og atvinnulíf. Atvinnuþátttaka á Íslandi er með því mesta sem þekkist.⁴⁵ Á öðrum ársfjórðungi 2014 mældist atvinnuþátttaka rétt rúmlega 83% í heildina, meðal kvenna tæp 80% og tæp 87% meðal karla.⁴⁶

Þrátt fyrir styttra fæðingarorlof, minni veikindarétt foreldra og atvinnuþátttöku sem er með því mesta sem þekkist hjá báðum kynjum, þá er frjósemishlutfall með því hæsta innan ríkja í Evrópu.⁴⁷ Mikilvægt er að fjölskyldustefna taki mið af þessu og aðgerðir, sem miða að því að standa vörð um rétt barna til samveru við fjölskyldu og auðvelda foreldrum að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf, komist í framkvæmd.

5.1 Stuðningur vegna umönnunar barna fyrstu æviár

Markmið: Að tryggja börnum umönnun beggja foreldra á fyrsta æviári og samfellu í umönnun.

Lýsing: Unnar verði tillögur um hvernig hækka megi fjárhæð greiðslna í fæðingarorlofi til fyrra horfs, hvernig lengja megi í áföngum fæðingarorlof þannig að hvort foreldri eigi fimm mánaða orlof og að sameiginlegur réttur verði tveir mánuðir. Huga þarf að því hvernig tryggja megi stöðu

Fæðingarorlofssjóðs. Einnig verði skoðað hvernig tryggja megi samfellu í umönnun barna eftir að fæðingarorlofi lýkur og hvernig megi lögleiða rétt barna til leikskóladvalar.

Greinargerð

Markmið laga um fæðingarorlof er tvíþætt: að tryggja rétt barna til samvista við báða foreldra og auðvelda bæði konum og körlum að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Réttur foreldra til fæðingarorlofs er nú níu mánuðir. Báðir foreldrar eiga rétt á þriggja mánaða orlofi og sameiginlegur réttur þeirra er þrjú mánuðir. Íslenska löggjöfin, sem hefur vakið alþjóðaathygli fyrir jafnan rétt beggja foreldra og það hversu vel íslenskir feður hafa notað sjálfstæðan rétt sinn til fæðingarorlofs, er talin sýna hversu vel slík löggjöf styður við það markmið að börn njóti umönnunar beggja foreldra (sjá töflu 1). Taflan sýnir hvernig hlutfall daga sem feður nota héraendis er í hlutfalli við sjálfstæðan rétt þeirra til orlofs. Taflan sýnir að þetta hefur einnig gerst á öðrum Norðurlöndum, að Danmörku frátalinni, þar sem hlutfallið hefur staðið í stað frá 2002 þegar sjálfstæður réttur feðra til fæðingarorlofs var aflagður.

Tafla 1. Hlutfall af heildarfjölda daga í fæðingarorlofi sem feður á Norðurlöndum taka.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
2000	5.5	4.2	2.9	6.9	13.7
2005	5.9	5.5	32.7	8.8	20.5
2010	7.1	7.1	31.7	14.5	23.9
2011	7.4	8.3	29.0	17.5	24.5
2012	-	8.7	28.4	19.8	25.1

(NOSOSKO, 2014)

Tafla 1 sýnir einnig nokkra lækkun hlutfallsins héraendis en í kjölfar efnahagskreppu og ítrekaðrar skerðingar hámarksupphæðar, svokallaðs þaks, hefur dregið úr fjölda daga sem foreldrar, einkum feður taka í fæðingarorlof. Þó ástand á atvinnumarkaði og fleiri þættir geti einnig haft áhrif á möguleika foreldra til töku orlofs þá er ljóst að mjög mikilvægt er að færa upphæðir orlofsins til fyrra horfs svo foreldrar eigi raunhæfa möguleika á að taka fæðingarorlof. Slík leiðrétting var hafin árið 2013.⁴⁸

Samanburður við önnur Norðurlönd sýnir að Ísland hefur verið nokkur eftirbátur þeirra hvað varðar lengd fæðingarorlofs og umfang stuðnings við foreldra ungra barna. Eins og tafla 1 sýnir þá hafa öll önnur Norðurlönd, um nokkurt skeið, tryggt foreldrum fæðingarorlof í ár eða meira.⁴⁹ Hér á landi hefur um nokkurt skeið verið stefnt að því að lengja fæðingarorlof þannig að foreldrar geti sjálfir annast barn sitt á fyrsta æviári þess.

Tafla 2. Stuðningur við umönnun barna á Norðurlöndum eftir aldri þeirra árið 2012.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
0–1 árs	Fæðingarorlof (50–64 vikur) Dagvistun (19%)	Fæðingarorlof (48 vikur) Dagvistun (1%)	Fæðingarorlof (39 vikur) Dagvistun (7%) Einkalausnir	Fæðingarorlof (47–57) vikur) Dagvistun (4%)	Fæðingarorlof (69 vikur) Dagvistun (-)
1–2 ára	Dagvistun (91%)	Dagvistun (41%) Umönnunargreiðslur	Dagvistun (82%) Einkalausnir	Dagvistun (80%) Umönnunargreiðslur	Dagvistun (72%) Fæðingarorlof Mögulega umönnunargr. sveitarfélaga
3–5 ára	Leikskóli (97%)	Leikskóli (74%) Umönnunargreiðslur	Leikskóli (96%)	Leikskóli (97%)	Leikskóli (97%)

(Eydal and Rostgaard, Tölur frá NOSOSKO, 2014).

Tafla 2 sýnir að héraendis myndast ákveðið bil sem foreldrar sjálfir þurfa að brúa milli fæðingarorlofs og leikskóla. Rannsóknir héraendis sýna að foreldrar nota ýmsar leiðir til þess; vinna óreglulegan vinnutíma, fá aðstoð hjá ættingjum og vinum eða kaupa þjónustu dagforeldra.⁵⁰

Tafla 2 sýnir enn fremur að Danir og Svíar hafa tryggt börnum leikskólavist að loknu fæðingarorlofi en Finnland hefur allt frá 1985 boðið foreldrum svokallaðar umönnunargreiðslur vegna barna undir þriggja ára aldri, sem ekki eru á leikskóla, en nú er fyrirhugað að breyta þeim til að tryggja þátttöku beggja foreldra í umönnun barna sinna. Norðmenn tóku upp svipað fyrirkomulag en greiða nú eingöngu vegna barna sem eru yngri en tveggja ára. Slíkar umönnunargreiðslur hafa verið mjög umdeildar. Öll Norðurlönd, fyrir utan Ísland, tryggja börnum lögvarinn rétt til leikskólavistar frá ákveðnum aldri, í Danmörku frá 26 vikna aldri en í öðrum löndum frá eins árs aldri.⁵¹

Lengi hefur verið rætt um hvernig brúa megi bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og í desember 2013 var samþykkt þingsályktun þar sem starfshópi var falið að meta kosti þess að bjóða leikskóla strax að loknu fæðingarorlofi.⁵² Starfshópnum var falið að greina faglegar kröfur og fjárhagsleg sjónarmið sem taka þarf tillit til, þar á meðal varðandi mannafla- og húsnæðisþörf leikskóla miðað við áætlaða fjölgun leikskólabarna á aldrinum eins til tveggja ára, ásamt leiðum til fjármögnunar og átti að skila tillögum til ráðherra fyrir 1. september 2014. Hér er því lagt til að skoðað verði hvernig megi hækka greiðslur og haga lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði þannig að hvort foreldri eigi rétt á fimm mánuðum en að sameiginlegur réttur verði tveir mánuðir, samanber breytingar á lögum um fæðingarorlof sem Alþingi samþykkti samhljóða árið 2012. Starfshópnum er einnig falið að skoða hvernig tryggja megi rétt barna til leikskólavistar en slíkur aldursbundinn réttur er til staðar á öðrum Norðurlöndum þannig að tryggja megi samfellu í stuðningi hins opinbera vegna umönnunar.

5.2 Réttindi veikra barna til að njóta umönnunar foreldra

Markmið: Að auka rétt veikra barna til að njóta umönnunar foreldra.

Lýsing: Útfærðar verði leiðir sem miða að því að auka rétt veikra barna til að njóta umönnunar foreldra og forsjáraðila. Meðal annars verði skoðað hvort veikindaréttur fylgi barni en ekki foreldri og hvort almannatryggingar eigi að tryggja framfærslu fjölskyldna í veikindum barna fari fjöldi veikindadaga barna yfir skilgreint hámark.

Greinargerð

Réttur foreldra til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna er mikilvægur bæði fyrir þá og börn þeirra. Á fyrstu ævírum, ekki síst við upphaf leikskólagöngu er ekki óalgengt að veikindadagar barna séu margir.

Samkvæmt samningum er réttur foreldra til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna allt að 12 dagar á ári hér á landi. Fari fjöldi veikindadaga yfir umsaminn rétt þá eru dæmi um að barn fari veikt í dagvistun með tilheyrandi afleiðingum fyrir það sjálft og aðra, eða að foreldri gengur á eigin veikindarétt.

Norræn samanburðartölfræði sýnir að mæður ganga frekar á sinn veikindarétt en feður sem er vísbending um að þær séu í ríkari mæli frá vinnu vegna veikinda barna.⁵³ Leiða má að því líkum að þessi staðreynd skýrist meðal annars af meira vinnuálagi á konum en körlum, þar sem þær eru enn sem komið er, þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku, með meiri ábyrgð á heimilishaldi og börnum en karlar.⁵⁴ Þessar staðreyndir ganga þvert gegn markmiðssetningu um samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs og því skal haldið til haga að atvinnuþátttaka kvenna er mest á Íslandi⁵⁵ og frjósemi óvíða meiri.⁵⁶

Tölur um atvinnuþátttöku foreldra eru ekki birtar reglulega en bæta þarf úr því og þannig auka aðgengilegar upplýsingar um stöðu barnafjölskyldna á Íslandi. Það væri liður í því að bæta upplýsingaöflun og rannsóknir sem er forsenda fyrir stefnumótun, framkvæmd og árangursmati eins og fram kemur í inngangi að framkvæmdaáætlun. Réttindi vegna veikinda barna eru því mjög mikilvæg.

Þegar Norðurlöndin eru skoðuð í þessu samhengi kemur í ljós að rétturinn er mestur í Svíþjóð, allt að 120 dagar, en stytur í Danmörku, Færeyjum og á Íslandi. Í Danmörku, Færeyjum og á Íslandi halda foreldrar hins vegar fullum launum í fjarveru vegna veikinda barna, en í Svíþjóð eru greidd tæp 80% af mánaðarlaunum upp að vissu þaki. Í Noregi eiga einstæðir foreldrar rétt á 20 dögum á ári til að vera heima hjá veiku barni og þar hefur 10 daga hvort um sig til að vera heima hjá veiku barni.⁵⁷ Hérlandis fylgir rétturinn foreldri en ekki barni og eru 12 dagar fyrir hvort foreldri, óháð fjölda barna. Í öllum löndunum eru sérstakar reglur vegna barna með langvarandi sjúkdóma.

Kanna þarf með hvaða hætti megi auka rétt vegna veikinda barna hérlandis og gæta þess að hann fylgi barni. Skoða þarf hvort almannatryggingar eigi að tryggja greiðslur til foreldra vegna veikinda barna fari þau yfir skilgreint viðmið.

5.3 Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Markmið: Að lengja þann tíma sem ung börn njóta samvista við foreldra og auðvelda foreldrum að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Lýsing: Unnar verði tillögur sem miða að því að útfæra leiðir að því markmiði að foreldrum ungra barna sé auðveldað að samþætta fjölskyldu- og atvinnulíf. Meðal annars verði skoðað hvort stytta megi vinnuviku.

Greinargerð

Margar þjóðir hafa leitað leiða til að draga úr vinnuálagi foreldra ungra barna, meðal annars með lagasetningu um rétt til styttri vinnuviku. Það er mikilvæg forvörn fólgin í því að tryggja fólki raunhæf skilyrði til að annast börn sín, sem hefur áhrif á heilsufar, vellíðan, jafnvægi milli fjölskyldu- og atvinnulífs og stöðu kynjanna á heimilinu, svo dæmi séu nefnd.

Ekkert hefur miðað í þá veru að foreldrar ungra barna vinni styttri vinnuviku, þrátt fyrir umræðu í áratugi og að rannsóknir sýni að styttri vinnuvika dregur ekki úr framleiðni.⁵⁸ Í raun ber að stefna að styttri vinnuviku fyrir alla samanber einnig tillögur starfshóps um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.⁵⁹ Þá hefur formaður Samtaka iðnaðarins vakið máls á því að í íslensku samfélagi mætti stytta vinnuvikuna að skaðlausu fyrir sömu laun.⁶⁰ Styttri vinnuvika fyrir foreldra ungra barna myndi einnig styðja við markmið um aukna sjálfbærni.

5.4 Samræmd leyfi í leikskólum og grunnskólum

Markmið: Að foreldrum sé auðveldað að annast börn sín í skólaleyfum.

Lýsing: Unnar verði tillögur sem miða að því að samræma vetrarfrí og starfsdaga milli skólastiga og innan sveitarfélaga.

Greinargerð

Fram hefur komið hjá foreldrum með börn á báðum skólastigum að það væri til mikilla bóta ef að starfsdagar í leikskólum og grunnskólum yrðu samræmdir.⁶¹ Við framkvæmd verkefnisins er mikilvægt að ríki, sveitarfélög og atvinnulíf eigi góða samvinnu og vinni að því að samræma kennsluhlé og leyfi á milli skólastiga og innan sveitarfélaga. Verkefnið auðveldar foreldrum að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf en stuðlar jafnframt að meiri samveru barna og foreldra.

6 Velferð barna

Sjötta og jafnframt síðasta málavíðið sem komið er inn á í tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fjallar um velferðarþjónustu.

Lagðar eru fram tillögur um aðgerðir er miða að því að efla og samþætta grunnþjónustu, bæta ferlið við mat á þjónustupörf barna með sértækar þarfir og tryggja að greiðslur til foreldra taki mið af stuðningsþörfum fatlaðra og langveikra barna. Þá er fjallað um úrræði fyrir börn á unglingsaldri með fjölþættan vanda sem og meðgöngu- og ungbarnavernd. Komið er inn á úrræði fyrir börn þegar um ofbeldi á heimili er að ræða og úrræði fyrir börn sem alast upp við áfengis- og vímuefnavanda. Að lokum er fjallað um samræmt skráningarkerfi í barnavernd.

6.1 Grunnþjónusta við börn og barnafjölskyldur

Markmið: Að stuðla að því að börn og fjölskyldur fái þjónustu við hæfi.

Lýsing: Í hverju sveitarfélagi verði gerð áætlun um fyrirkomulag samþættingar og samstarfs í grunnþjónustu, þ.e. barnaverndar, félagsþjónustu, frístundaþjónustu, heilsugæsluþjónustu og annarra heilbrigðisstofnana, leik-, grunn- og framhaldsskóla og lögreglu. Stefnt skal að því að börn sem fá þjónustu frá mörgum þjónustuaðilum fái einstaklingsbundna þjónustuáætlun sem unnin verði í samráði við barn og fjölskyldu þess og að skipaður verði málstjóri sem er samhfingaraðili. Málstjóri skal vera sá aðili sem best þekkir til aðstæðna barnsins og fjölskyldu þess og tryggja að hagsmunir barnsins séu hafðir að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku.

Greinargerð

Samþætt og samfelld þjónusta við börn og barnafjölskyldur, með samstarfi þvert á stofnanir, málaflokka og stjórnsýslustig, er ekki nógu markviss í dag. Börn og fjölskyldur þeirra geta því fallið milli kerfa þegar leitað er aðstoðar, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, til framtíðar litið fyrir einstaklinga og samfélag.⁶² Of oft vantar samstarf að málum barna og fjölskyldna þeirra og þar með skortir á samhæfingu og yfirsýn. Að þessu sögðu er þó ljóst að mörg jákvæð teikn eru á lofti um breytt viðhorf til samstarfs ólíkra þjónustuaðila og vaxandi samstarfi sér víða stað. Reynslusveitarfélögin eru gott dæmi um samvinnu milli félags- og heilbrigðisþjónustu og annarra þjónustukerfa. Þjónustumiðstöðvar í Reykjavík samþættu meðal annars sérfræðiþjónustu við börn innan sveitarfélagsins, í Skagafirði hefur lengi verið unnið að samþættingu með þarfir barna að leiðarljósi, geðheilbrigðisþjónustan hefur sett upp verkefni fyrir verðandi foreldra sem byggist á samstarfi við félagsþjónustu og skóla, FMB⁶³ og svo mætti lengi telja.

Það er ljóst að vandinn sem börn og fjölskyldur geta glímt við er margþættur og gengur þvert á skilgreinda málaflokka. Því er mikilvægt að hafa ábyrgð á grunnþjónustu sem mest á einni hendi. Með grunnþjónustu er hér átt við barnavernd, félagsþjónustu, frístundaþjónustu, heilsugæslu og heilbrigðisstofnanir, leik-, grunn- og framhaldsskóla og lögreglu. Lögð er áhersla á að efla, samþætta og auka samstarf í grunnþjónustunni, með forvarnarsjónarmið að leiðarljósi þar sem meginreglan verði að fyrsti viðkomustaður sé í grunnþjónustunni og aðgangur að öðrum meðferðarúrræðum verði takmarkaður við að grunnþjónustuúrræði hafi áður verið reynd. Einnig er lögð áhersla á að þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra verði veitt í sem ríkustum mæli í heimabyggð. Hægt er hugsa sér að skilgreind verði 4–5 þjónustusvæði þar sem eitt sveitarfélaganna annist þjónustu skv. þjónustusamningi á því svæði. Einnig þarf að búa svo um hnútana að sértæk ráðgjöf fari sem mest fram í heimabyggð.

Þjónusta við börn og fjölskyldur er á sameiginlegri ábyrgð allra, ríkis, sveitarfélaga, þriðja geirans og almennings. Þörf er á heilrænni sýn og afnema þarf brotakennda þjónustu og skort á samfellu í þjónustu.⁶⁴ Mikilvægt er að í málum barna og fjölskyldna þeirra séu forvarnarsjónarmið höfð að leiðarljósi og að snemmtæk íhlutun sé ástunduð í samstarfi þjónustuaðila.⁶⁵ Ýmsar fyrirmyndir eru til, í Bretlandi t.d. hefur „Solihull“ aðferðafræðin rutt sér til rúms til að ná fram þverstofnanalegri samvinnu félags- og heilbrigðisþjónustu og skóla, með fræðslu fyrst og fremst til foreldra, fagfólks og annarra sem vinna með börnum.⁶⁶ Þar er sýnin mikilvægt sameiningartákn allra sem að starfinu koma, en hún er sú „að efla hæfni einstaklinga, fjölskyldna og samfélaga til að tryggja sem besta útkomu fyrir börn og ungt fólk sem grundvallast bæði á almennum og sértækum aðgerðum“. Stoðir sem undirbyggja þessa sýn eru snemmtæk íhlutun sem leið til að tryggja að hvert og eitt barn fái sem best veganesti fyrir lífið. Að auki má nefna að stefnumótun til að samræma aðgerðir ríkis, sveitarfélaga og þriðja geirans lofar góðu. Í Skotlandi hafa þessir ólíku samstarfsaðilar tekið höndum saman með samstilltu átaki allra undir heitinu „Local Planning“ og þannig hrint í framkvæmd þjónustu og verkefnum á sveitarstjórnarstigi sem næst íbúunum og með þátttöku þeirra.⁶⁷

Tekið er undir þær aðgerðir sem birtast í þingsályktunartillögu um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020 en þar kemur fram að skilgreina þurfi hvernig samstarfi heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu skuli háttað.⁶⁸ Hér er einnig minnt á skýrslu Velferðarvaktarinnar frá í desember 2013 en með því að auka og efla samþættingu, samhæfingu og samvinnu í grunnþjónustunni má auðvelda stefnumótun, fjárhagsáætlanagerð og auka hagkvæmni.⁶⁹

6.2 Þverfagleg þjónusta heilsugæslu

Markmið: Að efla þjónustu heilsugæslu við börn og fjölskyldur.

Lýsing: Heilsugæslustöðvar bjóði upp á fjölbreyttari sérfræðiþjónustu en nú er raunin. Útfærðar verði tillögur um þverfaglegt samstarf innan heilsugæslu með aðkomu fleiri fagstétta en starfa nú á flestum heilsugæslustöðvum, svo sem félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, sálfræðinga og sjúkraþjálfara. Þetta sé meðal annars gert með það markmið í huga að á heilsugæslustöðvum verði aukið áhersla á sálfélagslega þjónustu við börn og barnafjölskyldur, með geðheilbrigði að leiðarljósi. Samhliða verði samstarf heilsugæslu við barnavernd, félagsþjónustu, frístundaþjónustu, leik-, grunn- og framhaldsskóla og lögreglu aukið, sbr. aðgerð 6.1.

Greinargerð

Fólk leitar til heilsugæslunnar og heimilislækna af fleiri ástæðum en áður. Heilsufar hefur batnað á mörgum sviðum, en lífsstíllssjúkdómar komið til sögunnar í staðinn. Margt kemur hér til; breyting hefur orðið í lýðheilsuástandi, framfarir í læknavísindum og velferðartækni og þekking orðin mun meiri, til dæmis þekking á félagslegum áhrifaþáttum á heilsu, um áhrif ójafnaðar á heilsu og um gildi forvarna.

Sem dæmi um hvernig samfélög hafa brugðist við þessum breytingum má nefna Malmö í Svíþjóð, en þar er stærsta fjölmenningsarsamfélag Svíþjóðar. Þar hafði lengi verið vitað að ójöfnuður varðandi heilsu var mikill. Með þá þekkingu að leiðarljósi var farið í stefnumótunarvinnu þar sem markmiðið var að minnka þennan ójöfnuð.⁷⁰ Gengið var út frá þeirri vitneskju að það sé hægt að minnka ójöfnuðinn með réttum aðgerðum og inngrípum ef málsaðilar, ríki, sveitarfélög, þriðji geirinn og íbúar sameinast um það. Í verkefninu kemur skýrt fram að til að ná markmiðinu þurfi að huga að mörgum samverkandi þáttum og þjónustu, svo sem menntun, húsnæði, atvinnu, viðunandi lágmarksframfærslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu, ráðgjöf og sérfræðiþjónustu, fræðslu til foreldra og að upplýsingar séu aðgengilegar um þjónustu, svo eitthvað sé nefnt. Frá þessu sjónarhorni verður ljóst að nýrra vinnubragða er þörf, ekki síst með tilliti til samstarfs ólíkra aðila, og að þarna hafi allir þjónustuaðilar mikilvægu hlutverki að gegna.

Aðstæður og atburðir sem áður stytta líf, svo sem alvarleg slys og fæðingar fyrir tímamann, gera það ekki lengur. Fleiri lifa, sumir með langvinna sjúkdóma og fötlun, og að auki hefur meðalaldur hækkað. Þá greinist aukinn geðheilbrigðisvandinn í samfélaginu, auknar raskanir og skerðingar af ýmsu tagi, meiri offita, aukin tíðni ýmissa annarra lífsstílstengdra sjúkdóma, svo sem hjarta- og æðasjúkdóma og ýmiss konar ofnæma, svo dæmi séu nefnd. Í dag þurfa sveitarfélög að taka á móti og sinna íbúum, sem hafa mjög flóknar þarfir vegna heilsuþrengingar, á heimilum sínum, og því er mikilvægt að þjónusta við þá sé skipulögð í nánú samstarfi milli félags- og heilbrigðisþjónustu.

Ef hægt á að vera að anna þessum þörfum er ljóst að grunnheilbrigðisþjónusta verður æ mikilvægari og þar gegna fræðsla og forvarnir mikilvægu hlutverki. Því standa bæði heilbrigðis- og félagsþjónustan frammi fyrir miklum áskorunum sem kalla á breytingar á viðteknum viðhorfum, verklagi og venjum. Samfara þessum breytingum verða breytingar á stofnana- og starfshópaþróun og allt kallar þetta á aukið samstarf félags- og heilbrigðisþjónustu. Einnig kallar þetta á að fleiri fagstéttir komi til starfa í heilsugæslunni og að þverfaglegt samstarf í heilsugæslunni verði aukið, auk meira samstarfs við félagsþjónustu og skóla, svo dæmi séu nefnd.

Úttektir sem gerðar hafa verið hérlandis á heilbrigðisþjónustunni sýna að þörf er á endurskipulagningu og að styrkja þarf stefnumótun og árangursmat.⁷¹ Ísland sker sig úr samanburðarlöndum sínum að því leyti að fólk leitar beint til sérfræðinga. Einnig er kostnaðarvitund ekki næg og þjónustustýring engin, ólíkt því sem tíðkast í nágrannalöndunum. Núverandi

fyrirkomulag hefur leitt til þess að heilsugæsla er mikið nýtt utan dagvinnutíma, sem er fjárhagslega óhagkvæmt. Bent er á að nýta þurfi þjónustu á réttu þjónustustigi, sem ekki er raunin í dag, og að þjónustustýring sé ekki til staðar.

Mikilvægt er að auka hlut heilsugæslunnar í þjónustu við íbúa og einnig er þörfin fyrir aðra faghópa í heilsugæslunni brýn, sem og fyrir þverfaglega teymisvinnu innan heilsugæslunnar. Það er ákall á þverfaglega heilsugæslu sem með teymisvinnu tengir saman barnavernd, félagsþjónustu og leikskóla.

6.3 Aðgengi að fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu

Markmið: Að bæta og jafna aðgengi að fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu.

Lýsing: Unnar verði tillögur um hvernig tryggja megi snemmtæka fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu til að fyrirbyggja vanda í lífi barna og fjölskyldna. Horfa skal til þess að fjölskylduráðgjöf verði í boði innan heilsugæslunnar og grunnþjónustunnar, sbr. aðgerð 6.1.

Greinargerð

Aðgengi að snemmtækri fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra hefur verið ónógt hérlendis. Ný þekking, meðal annars í taugalífeðlisfræði er að breyta skilningi okkar á þróun sjúkdóma og rannsóknir sýna að ýmsa sjúkdóma á fullorðinsárum má rekja til truflunar í þroska í frumbersku. Því verður æ skýrara hve gríðarlega mikilvæg tengslamyndun er á fyrstu æviárum barnsins,⁷² þar sem viðbrögð foreldra hafa beinlínis áhrif á heilastarfsemi barns og um leið fást mikilvægar upplýsingar um hver áhrif vanrækslu eru á börn. Einnig má nefna að aukin þekking er að verða til á mikilvægi líðanar móður á meðgöngu og hvaða áhrif streita og vanlíðan á meðgöngu hafa. Allt rennir þetta stoðum undir mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og aðgengis foreldra og fjölskyldna að fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu sem fyrst í lífi barns. Auk þess er brýnt að bæta eftirfylgd eftir fæðingu barns, fylgjast með heilsu og þroska þess og fyrirbyggja vanrækslu og ofbeldi. Mikilvægt er að þjónustukerfi vinni saman með þverfaglegri nálgun, ekki síst heilbrigðiskerfi, barnavernd, félagsþjónusta og leikskólar.

Því skiptir aðgengi að fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu sem fyrst í lífi fjölskyldu með barn sköpum ef vandi er fyrir hendi, því þar er grunnur lagður að andlegu og líkamlegu heilbrigði barnsins. Þó að aldrei sé of seint að koma inn með fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu er það dýrara, hvort sem mælt er í vellíðan, lífsgæðum eða kostnaði samfélagsins, að gera það ekki sem fyrst. Góð og vel skipulögð félags- og heilbrigðisþjónusta er grunnur fjölskylduvæns samfélags þar sem börnum eru sköpuð lífsskilyrði sambærileg við það sem best þekkest. Því er aðgengi að fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu allt frá meðgöngu með það að markmiði að foreldrar geti tryggt börnum sínum bestu mögulegu uppeldisskilyrði mikilvæg.⁷³ Með því er verið að fyrirbyggja að börn og ungmenni lendi á jaðrinum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum til frambúðar.

6.4 Samræmt mat á þjónustuþörf barna með sértækar þarfir

Markmið: Að þjónusta við börn með sértækar þarfir sé sniðin að þörfum þeirra.

Lýsing: Endurskoðað verði skipulag og verklag við greiningu og mat á stuðningsþörf fatlaðra barna og barna með sértækar þarfir vegna fatlana, raskana eða sjúkdóma. Skilgreint verði hvaða viðmið skuli liggja til grundvallar mati á stuðningsþörf, hver gildistími mats er og hvar ábyrgð á greiningu skuli vera. Skipulag sé gagnsætt og taki mið af jafnræði milli einstaklinga, skóla og þjónustusvæða.

Greinargerð

Börn með sértækar þarfir fá of oft ekki þá þjónustu sem þau þarfnast, þegar hennar er þörf. Aðstæður eru mismunandi eftir þjónustusvæðum og skólum. Því er mikilvægt að skilgreina verklag við greiningu og þjónustu við börn með sértækar þarfir, það er börn sem fá greininguna ADHD eða aðra þroskaröskun sem ekki telst til fötlunar samkvæmt skilningi laga um málefni fatlaðs fólks. Það eru niðurstöður þess mats sem eru forsendur greiðslna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til grunnskóla.

Því er lagt til að verklag við greiningu og mat á stuðningsþörf barna með sértækar þarfir verði endurskoðað, gagnsæi aukið, sem og jafnræði milli einstaklinga, skóla og þjónustusvæða. Áður en sótt er um greiningu fyrir barn skal frumgreining frá fagaðilum í grunnþjónustunni, sem tekur mið af stuðningsþörf barnsins byggð á heildarsýn út frá skóla, frístundum og heimili, liggja fyrir. Umsókn um greiningu á ekki að tefja að þjónusta hefjist, heldur á hún að taka mið af frumgreiningu meðan beðið er endanlegrar greiningar. Í hverju sveitarfélagi eða þjónustusvæði skal starfa matshópur sem í situr fulltrúi sérfræðiþjónustu skóla og fulltrúi skólanna, til dæmis sérkennsluráðgjafi. Barn skal fá greiningu og mat á stuðningsþörf óháð búsetu.

Einnig er mikilvægt að forsjáraðilar séu upplýstir um niðurstöðu mats með tilliti til úrræða sem gripið verði til í skóla í framhaldi af greiningu og mati. Mikilvægt er að tengt verði milli niðurstöðu mats og fjármagns sem fylgir barni í skólakerfinu.

6.5 Fjárhagslegur stuðningur til foreldra fatlaðra og langveikra barna

Markmið: Að greiðslur til foreldra taki mið af stuðningsþörfum fatlaðra og langveikra barna á heimilum sínum.

Lýsing: Endurskoðaðar verði foreldragreiðslur og umönnunargreiðslur með það að leiðarljósi að þörf fyrir aðstoð og heildstætt mat taki mið af breyttum veruleika og aðstæðum barnafjölskyldna. Til að tryggja samræmt mat þarf að skilgreina hvaða viðmið skuli liggja til grundvallar mati á stuðningsþörf og aðstæðum fjölskyldunnar. Mat á stuðningsþörf fatlaðra og langveikra barna sé gert af fagaðilum, með félagslega, andlega og líkamlega þætti og heildarsýn að leiðarljósi. Einnig þarf að tryggja að börn sem búa á tveimur heimilum fái hjálpartæki og stuðning á báðum heimilum.

Greinargerð

Í dag fá fötluð og langveik börn umönnun, hjúkrun og í sumum tilvikum læknismeðferð á heimilum sínum, með virkri þátttöku og umsjón foreldra, í stað langtímadvalar á sjúkrahúsum eða stofnanavistar sem var áður. Í breyttu þjóðfélagslegu umhverfi er mikilvægt að taka mið af breyttum veruleika og aðstæðum barnafjölskyldna. Því er brýnt að endurskoða lagaumhverfi foreldragreiðslna samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna, nr. 22/2006, og umönnunargreiðslur, skv. 4. gr. laga, um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Mikilvægt er að bæði fagaðilar og notendur komi að þessari endurskoðun.

Gera þarf foreldrum barna með langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun kleift að sækja vinnu eða nám þó að þeir þiggi umönnunargreiðslur. Einnig þarf að taka til skoðunar stuðning við börn með langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun sem búa á tveimur heimilum, en í dag miðast slíkur stuðningur eingöngu við lögheimili barns og rennur alfarið til þess heimilis, til dæmis er aðeins greitt fyrir hjálpartæki á lögheimili. Umboðsmaður barna hefur bent á að þegar um er að ræða fötluð börn sem búa á tveimur heimilum geti slíkt takmarkað verulega rétt þeirra barna til þess að umgangast báða foreldra sína.

6.6 Úrræði fyrir börn á unglingsaldri með fjölþættan vanda

Markmið: Að tryggja þjónustu við börn á unglingsaldri sem eiga við fjölþættan vanda að etja.

Lýsing: Lagðar verði fram tillögur um samhæfða þjónustu fyrir börn á unglingsaldri með fjölþættan vanda. Efla ber hugmyndafræði sem byggist á þátttöku fjölskyldunnar, svo sem MST-fjölpækakerfisins. Einnig skal skilgreind þörf fyrir uppbyggingu meðferðarheimila. Hugað verði að því hvernig tryggja megi samfellu í stuðningi þegar barn nær 18 ára aldri. Mikilvægt er að ekki verði rof í þjónustu og að ábyrgðarskipting milli þjónustuaðila sé skýr.

Greinargerð

Skoða þarf úrræði fyrir börn með alvarlegan, fjölþættan vanda. Má þar meðal annars nefna vanda sem byggist á fötlun, geðrænum erfiðleikum, neyslu vímuefna og afbrotum. Í þessum samhengi er bent á skýrslu nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir⁷⁴.

Leggja þarf áherslu á þverfaglegt samstarf barnaverndar, skóla, félagsþjónustu, heilbrigðiskerfis, lögreglu, þriðja geirans og annarra aðila sem sinna þjónustu við þessi börn. Mikilvægt er að samráð og samstarf sé við fjölskylduna í þessum málum. Samfella í þjónustu er mikilvæg og þá má ekki gleyma að gæta þess að ekki verði þjónusturof við 18 ára aldur. Einnig er minnt á tillögu 6.1 um málstjóra.

Þá skal horft til niðurstöðu nefndar sem skipuð hefur verið á grundvelli þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlunar.⁷⁵ Nefndin vinnur að því að móta geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun til fjögurra ára en áætlað var að drögum að áætluninni yrði skilað í janúar 2015. Í þingsályktunartillögunni er tekið fram að styrkja þurfi stoðir MST fjölþækakerfisins, sem er gagnreynt meðferðarúrræði ætlað fjölskyldum barna á aldrinum 12–18 ára sem glíma við alvarlegan vanda. Hann getur birst í skólavanda, slakri skólasókn eða vanvirkni á vinnumarkaði, því að börnin beiti ofbeldi eða hótunum, komist í kast við lögin eða neyti vímuefna. Markmið MST meðferðar taka jafnan til vanda barns á flestum eða öllum þessara sviða og miða að því að barnið geti búið heima og aðlagast sínu nærumhverfi í stað þess að færast á jaðar samfélagsins eða þurfa vistun utan heimilis. MST fer fram á heimili barnsins. Hegðunar- og vímuefnavandi barns getur orðið það alvarlegur að hann reynist foreldrum og nærumhverfi ofviða og barninu skaðlegur. Rannsóknir sýna hins vegar að verði meðferð í nærumhverfi við komið, jafnvel þótt vandinn sé alvarlegur, þá beri hún meiri árangur til lengri tíma lítið heldur en ef barn er vistað utan heimilis. Þannig er brýnt að tryggja að MST standi öllum börnum til boða, óháð búsetu.

6.7 Meðgöngu- og ungbarnavernd

Markmið: Að efla meðgöngu- og ungbarnavernd fyrir áhættuþáttum.

Lýsing: Skoðað verði hvernig staðið er að skimun fyrir áfengis- og vímuefnavanda ásamt ofbeldi og vanrækslu í meðgöngu- og ungbarnavernd, ásamt eftirfylgni. Skimunin er mikilvæg forvörn og eykur líkur snemmtækri þjónustu við börn og fjölskyldur. Stuðningur þarf að vera markviss og einstaklingsmiðaður, sbr. aðgerðir 6.1 og 6.2. Unnar verði tillögur að úrbótum ef þörf er á.

Greinargerð

Skimun fyrir áfengis- og vímuefnavanda ásamt ofbeldi og vanrækslu á meðgöngu og í ungbarnavernd er mikilvæg forvörn og eykur líkur á að þjónusta við börn og fjölskyldur hefjist í tæka tíð. Leiði skimun í ljós þörf á sértækum stuðningi þarf að tryggja að hann sé til staðar og að hann sé markviss og einstaklingsmiðaður. Gert er ráð fyrir að kannað verði hvernig framkvæmd er háttað og unnar verði tillögur að úrbótum ef þörf krefur.

6.8 Ofbeldi á heimilum barna

Markmið: Að draga úr skaða sem börn verða fyrir vegna ofbeldis á heimili.

Lýsing: Unnin verði áætlun á landsvísu sem miðar að því að bæta verklag þegar um ofbeldi á heimili er að ræða. Tryggja þarf að fulltrúi barnaverndaryfirvalda komi ásamt lögreglu á heimili í útköll vegna ofbeldis þar sem börn eru. Almenn verklag verði að börn búi áfram á heimili sínu en gerandinn fjarlægður. Ávallt verði gerð áætlun um eftirfylgd í málum barna sem verða vitni að ofbeldi á heimili, eða eru þolendur ofbeldis.

Greinargerð

Í heimilisofbeldi getur falist ofstjórn, eftirlit, tilburðir til einangrunar, kúgunar af ýmsu tagi og ofsóknir. Tíðni ofbeldis sem börn upplifa í bernsku er ólík eftir menningu og aldurs skeiðum barna. Því hefur verið haldið fram að heimilisofbeldi sé vanskráð í rannsóknum og að svarendum finnist erfitt að viðurkenna það. En rannsóknir sýna að hægt er að fá traustar niðurstöður með því að spyrja börn og foreldra um reynslu af illri meðferð. Enginn vafi leikur á því að heimilisofbeldi er til staðar hér á landi.

Barn á heimili þar sem ofbeldi á sér stað er í öllum tilvikum fórnarlamb og gildir þá einu hver staða þess er, það er hvort það er vitni eða kemur að ofbeldinu með öðrum hætti. Til að draga úr þeim skaða sem börn verða fyrir vegna heimilisofbeldis er brýnt að ofbeldismál á heimilum, þar sem eru börn, séu tekin föstum tókum frá upphafi.

Við útfærslu og framkvæmd má til dæmis horfa til reynslunnar af tilraunaverkefni lögreglustjórans á Suðurnesjum sem hófst í febrúar 2011 og nefnist *Að halda glugganum opnum*.⁷⁶ Í tillögunni er lögð áhersla á að tryggt sé að fulltrúi barnaverndar sé ávallt kallaður vegna heimilisofbeldis þar sem eru börn og að almennt verklag verði að börn búi áfram á heimili sínu en gerandinn fjarlægður. Jafnframt er tekið undir það sem fram hefur komið hjá lögreglu um að endurskoða þurfi löggjöf þannig að hún nái betur utan um heimilisofbeldi.⁷⁷

6.9 Úrræði fyrir börn sem alast upp við áfengis- og vímuefnavanda

Markmið: Að tryggja velferð barna sem alast upp í fjölskyldum þar sem til staðar er vandi vegna áfengis og/eða vímuefna.

Lýsing: Þjónusta fyrir börn og fjölskyldur verði greind og þörf fyrir frekari þjónustu metin þannig að hún verði heildstæð og standi öllum til boða, án tillits til búsetu.

Greinargerð

Áfengis- og vímuefnasýki eru alvarlegir sjúkdómar sem hafa skaðleg áhrif á þá sem við þá stríða, fjölskyldur þeirra, nærumhverfi og samfélag. Neikvæð áhrif þeirra eru flókin og margbreytileg og samfélagslegur kostnaður sem af þeim hlýst mikill. Rannsóknir, meðal annars íslenskar rannsóknir, hafa sýnt að börn sem alast upp við áfengis- og vímuefnavanda foreldra eru í aukinni áhættu á að glíma við slíkan vanda sjálf síðar á lífsleiðinni.⁷⁸ Mikil áhersla hefur því verið lögð á að bjóða sértæka þjónustu fyrir þessi börn sem hafi það að markmiði að auðvelda þeim að takast á við afleiðingar áfengis- og/eða vímuefnavanda foreldra í barnæsku og styrkja þau til að draga úr líkum á að þau hefji sjálf neyslu.⁷⁹ SÁÁ hefur hér verið í fararbroddi og skipulagt gagnreynda sálfræðiþjónustu fyrir börn en samtökin ná ekki að anna eftirspurn.⁸⁰ Mikilvægt er að þessi starfsemi sé eflid og að börn, hvar sem þau búa á landinu, eigi kost á slíkri þjónustu. Hér er enn eitt dæmið um þjónustu sem dregur úr útgjöldum til lengri tíma litið. Annar þáttur slíkrar þjónustu er stuðningur við fjölskyldur alkóhólista og vímuefnasjúkra í að takast á við vandann. Enn fremur þarf að huga sérstaklega að því hvernig má styðja alkóhólista og vímuefnasjúka við að takast á við foreldrahlutverk og fræða þá um áhrif sjúkdómsins á börn og fjölskyldur. SÁÁ hefur um áratugaskeið sinnt öflugum starfi fyrir fjölskyldur með

námskeiðahaldi og meðferð og er mikilvægt að draga lærdóm af því starfi og huga að því að slíkt starf sé hluti af heildstæðri þjónustu við fjölskyldur sem búa við alkóhólisma eða vímuefnasjúkdóma.

6.10 Samræmt skráningarkerfi í barnavernd

Markmið: Að tryggja börnum ríkari vernd en nú er.

Lýsing: Innleitt verði sameiginlegt skráningarkerfi barnaverndarmála í öllum sveitarfélögum og barnaverndarumdæmum. Með því er stutt við samræmda skráningu og birtingu samtímalykilupplýsinga í barnavernd. Einnig verði lagður grunnur að bættum forsendum samfellu í þjónustu við flutning barna og fjölskyldna milli sveitarfélaga. Að auki verði til þekkingargrunnur sem auðveldar stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum barna og fjölskyldna.

Greinargerð

Í dag hefur verið komið á því verklagi að sveitarfélög senda Barnaverndarstofu valdar lykiltölur á sviði barnaverndar mánaðarlega og eru þær birtar á vef Barnaverndarstofu.

Lagt er til að innleitt verði sameiginlegt skráningarkerfi barnaverndarmála í öllum sveitarfélögum/barnaverndarumdæmum. Með því er enn frekar stutt við samræmda skráningu og birtingu samtímalykilupplýsinga í barnavernd. Einnig er lagður grunnur að bættum forsendum og samfellu í þjónustu við flutning barna og fjölskyldna milli sveitarfélaga.

Mikilvægt er að styrkja stjórnarsýsluna með hagsmuni barna að leiðarljósi. Í velferðarráðuneytinu er nú unnið að tillögugerð um nýja stjórnarsýslustofnun sem meðal annars á að gegna veigamiklu hlutverki í eflingu og bættu eftirliti með barnaverndarstarfi. Stofnunin mun einnig hafa mikilvægu hlutverki að gegna í upplýsinga- og gagnamálum á sviði barnaverndar; þar yrði miðlægur gagnagrunnur og ábyrgð á samræmdri skráningu í barnavernd á landsvísu. Með þessu verður þekkingargrundvöllur eflur í barnaverndarmálum sem auðveldar stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum barna og fjölskyldna.

Eftirfylgd, framkvæmd og endurmat

Gert er ráð fyrir að fjölskyldustefnan verði endurskoðuð árið 2020. Heildarumsjón með framkvæmd og eftirfylgni fjölskyldustefnu er í höndum félags- og húsnæðismálaráðherra sem gert er ráð fyrir að skipi stýrihóp sér til fulltingis. Stýrihópur skal skipaður fulltrúum þeirra ráðuneyta sem hafa umsjón og ábyrgð með framkvæmd stefnunnar ásamt fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stýrihópur hafi umsjón með framkvæmd, vöktun og endurmati fjölskyldustefnu og kalli reglulega eftir samráði við hagsmunaaðila og sérfræðinga á sviðinu. Lögð er áhersla á að í lok tímabilsins fari fram heildarárangursmat á framkvæmdinni.

Vinna verkefnisstjórnar og samráðshóps

Verkefnisstjórn var skipuð hinn 16. september 2013. Í erindisbréfi kemur fram að „verkefnisstjórn skili tillögu til félags- og húsnæðismálaráðherra eigi síðar en 15. mars 2014“. Þá skuli við mótun fjölskyldustefnu

meðal annars taka tillit til mismunandi fjölskyldugerða. Stefna [skuli] að því að tryggja félagslegan jöfnuð, að allar fjölskyldur njóti sama réttar og sé ekki mismunað á grundvelli kynþáttar, fötlunar, trúarbragða eða kynhneigðar. Leitað [verði] leiða til að tryggja efnahagslegt öryggi fjölskyldunnar og öryggi í húsnæðismálum. [Unnið] verði að því að tryggja jafnvægi á milli fjölskyldu- og atvinnulífs og að jafna ábyrgð foreldra á heimilishaldi og uppeldi barna. Leggja [þurfi] áherslu á að tryggja vernd gegn ofbeldi í nánum samböndum og vernd og stuðning vegna ofneyslu áfengis og annarra fíkniefna.

Í verkefnisstjórn sátu Guðrún Valdimarsdóttir formaður, skipuð af félags- og húsnæðismálaráðherra, Guðmundur Páll Jónsson, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðný Björk Eydal, tiln. af Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, Ingi Valur Jóhannsson, skipaður af félags- og húsnæðismálaráðherra, Jóna Pálsdóttir, tiln. af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Pétur Berg Matthíasson, tiln. af fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Rósa Guðrún Bergþórsdóttir og Sigríður Jónsdóttir, skipaðar af félags- og húsnæðismálaráðherra og Svanhildur Þorbjörnsdóttir, tiln. af innanríkisráðuneytinu. Fyrsti fundur verkefnisstjórnar fór fram 25. september 2013. Upphaflega var áætlað að tillögu yrði skilað vorið 2014 en vinnan reyndist umfangsmeiri en áætlað var. Alls hélt verkefnisstjórnin 46 fundi, þar af nokkra starfsdaga.

Verkefnisstjórn til fulltingis var skipaður samráðshópur sem tryggja skyldi breiða aðkomu og samráð hagsmunaaðila. Samráðshópurinn var skipaður 32 fulltrúum en þeir eru: Guðrún Valdimarsdóttir formaður, skipuð af félags- og húsnæðismálaráðherra, Maríanna Traustadóttir, tiln. af Alþýðusambandi Íslands, Margrét Júlía Rafnsdóttir, tiln. af Barnaheill, Steinunn Bergmann, tiln. af Bandalagi háskólamanna, Gunnar Örn Gunnarsson, tiln. af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Brynjólfur Sigurðsson, tiln. af Félagi eldri borgara, Árni Guðmundur Guðmundsson, tiln. af Félagi einstæðra foreldra, Heimir Hilmarsson, tiln. af Félagi um foreldrajafnrétti, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, tiln. af Geðhjálp, Þórarinn Einarsson, tiln. af Hagsmunasamtökum heimilanna, Svava Bernhard Sigurjónsdóttir, tiln. af Heimili og skóla, Gunnar Hrafn Birgisson, tiln. af Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, Ingi Þór Ágústsson, tiln. af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Björg Bjarnadóttir, tiln. af Kennarasambandi Íslands, Sigprúður Guðmundsdóttir, tiln. af Samtökum um kvennaathvarf, Grétar Snær Hjartarson, tiln. af Landssambandi eldri borgara, Sindri Snær Einarsson, tiln. af Landssambandi æskulýðsfélaga, Margrét Steinarsdóttir, tiln. af

Mannréttindaskrifstofu Íslands, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, tiln. af Neytendasamtökunum, Helga Sól Ólafsdóttir, tiln. af Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd, Nína Helgadóttir, tiln. af Rauða krossinum á Íslandi, Halldóra Gunnarsdóttir, tiln. af Reykjavíkurborg, mannréttindaskrifstofu, Jón Rúnar Pálsson, tiln. af Samtökum atvinnulífsins, Barbara Kristvínsson, tiln. af Samtökum kvenna af erlendum uppruna, Gunnar Helgi Guðjónsson, tiln. af Samtökunum '78, María Hildipórsdóttir, tiln. af Sjónarhóli, Erla Björg Kristjánsdóttir, tiln. af Stígamótum, Stefán Ingi Stefánsson, tiln. af Unicef á Íslandi. Garðar Hilmarsson, tiln. af Velferðarvaktinni, Hrefna Haraldsdóttir, tiln. af Landssamtökunum Þroskahjálpi, Gísli Davíð Karlsson, tiln. af Æskulýðsvettvanginum og Brynhildur Arthúrsdóttir, tiln. af Öryrkjabandalagi Íslands.

Í byrjun nóvember 2013 fengu fulltrúar í samráðshópi send bréf þar sem gerð var grein fyrir vinnu við verkefnið og fulltrúum boðið að skila inn hugmyndum og tillögum um þá þætti sem þeir töldu vega þyngst og mikilvægast væri að leggja áherslu á við mótn fjölskyldustefnu. Bréfinu var fylgt eftir með því að boðað var til fundar þar sem meðal annars var rætt um þau atriði sem helst ætti að leggja áherslu á að mati hópsins, ásamt forgangs röðun. Þessi vinna var mikilvægt innlegg í starf verkefnisstjórnar sem svo vann úr því sem fram kom. Í byrjun desember ári síðar fékk samráðshópur drög að tillögu send til umsagnar. Í kjölfarið funduðu samráðshópur og verkefnisstjórn, þar sem rætt var um þá vinnu sem að baki var og þau drög sem lágu fyrir. Einnig komu fram ábendingar og athugasemdir frá fulltrúum í samráðshópi en verkefnisstjórn tók síðan afstöðu til þess sem fram kom á fundinum sem og í innsendum athugasemdum sem bárust skriflega.

Auk vinnu með samráðshópi var leitað til margvíslegra hagsmunasamtaka og sérfræðinga á málavíðinu og þeim boðið á fund til skrafs og ráðagerða. Fulltrúar 16 hagsmunasamtaka eða stofnana komu á fund verkefnisstjórnar en alls komu 29 aðilar á fund. Gestir á fundum verkefnisstjórnar voru Arnór Gauti Jónsson, Guðrún Özurardóttir og Hulda María Erlingsdóttir frá Ungmennaráði Barnaheilla, Álfheiður Sívertsen frá Samtökum atvinnulífsins, Björk Erlendsdóttir, Sigríður Dögg Auðunsdóttir og Valgerður Halldórsdóttir frá Félagi stjúpfjölskyldna, Guðbjörg Erlingsdóttir frá Vímulausri æsku, Guðrún Ýr Ragnarsdóttir, Katla Pálsdóttir og Sara Mansour frá Ungmennaráði UNICEF, Gunnar Kristinn Þórðarson frá Samtökum meðlagsgreiðenda, Hrafnhildur Arnkelsdóttir og Guðjón Hauksson frá Hagstofu Íslands, Hulda Hákonardóttir og Ragna K. Marínósdóttir frá Umhyggju, Ingibjörg Ingvadóttir og Soffía Eydís Björgvinsdóttir, sérfræðingar um aðgerðir í skattamálum, Linda Rós Alfreðsdóttir frá innflytjendaráði, Margrét María Sigurðardóttir og Elísabet Gísladóttir frá Embætti umboðsmanns barna, María Rún Bjarnadóttir frá innanríkisráðuneytinu, Rósa Guðrún Erlingsdóttir frá aðgerðahópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar um launajafnrétti, Sigrún Júlíusdóttur, prófessor í félagsráðgjöf, Sólveig Guðmundsdóttir frá Þjóðskrá Íslands, Stefán Eiríksson frá Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Sverrir Óskarsson frá Tryggingastofnun ríkisins og Þórarinn Tyrfingsson og Arnþór Jónsson frá SÁÁ.

Farið var í heimsóknir til Barnaverndarstofu og Fjölskyldu- og félagssviðs Reykjaneshæjar til að kynna starfi og hugmyndum sem unnið er að á vettvangi. Á Barnaverndarstofu var rætt við Braga Guðbrandsson og Pál Ólafsson og á Fjölskyldu- og félagssviði Reykjaneshæjar var rætt við Árna Sigfússon, Gylfa Jón Gylfason, Sigurð Þorsteinsson, Hjördís Árnadóttir, Heru Ósk Einarsdóttur, Maríu Gunnarsdóttur, Sigríði Daníelsdóttur og Hafþór B. Birgisson.

Að auki var leitað til fjölmargra fagaðila og sérfræðinga sem ekki er hér getið og fengnar umsagnir og ábendingar hvað varðar einstakar aðgerðir eða tillöguna í heild.

Þá skal þess getið að komið var á fót vefsvæði um vinnuna þar sem sett voru inn gögn og upplýsingar, auk þess sem áhugasömum gafst kostur á að senda inn ábendingar og tillögur.

Heimildir og gögn til hliðsjónar

Auk þeirra heimilda sem vísað er til í texta eru hér taldar upp nokkrar heimildir sem hafðar voru til hliðsjónar við smíði tillögunnar. Þess ber að geta að upptalning heimilda er ekki tæmandi enda viðfangsefnið afar víðfeðmt og kemur inn á flest svið samfélagsins. Hér er þó greint frá nokkrum helstu heimildum sem tekið var mið af við gerð tillögunnar.

Barnaverndarstofa. (2012). *Skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd*. Sótt 22. maí 2014 af <http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/Pall--28.12.12.pdf>.

Eurostat. Ýmsar upplýsingar af vef Hagstofu Evrópusambandsins. Sótt á tímabilinu september 2013 til janúar 2015 af <http://epp.eurostat.ec.europa.eu/>.

Fjölmenningarsetur. (2011). *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og/eða innflytjendur á Íslandi*. Sótt 29. apríl 2014 af <http://www.mcc.is/media/frettir/Tolfraedilegar-upplýsingar-um-erlenda-rikisborgara-a-Islandi-f--vef.pdf>.

Fjölmenningarsetur. (2013). *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi*. Sótt 29. apríl 2014 af <http://www.mcc.is/media/frettir/Tolfraediskyrsla-2013.pdf>.

Forsætisráðuneytið. (2010). *Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag*. Sótt 4. október 2013 af <http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/>.

Velferðarráðuneytið. (2015). *Drög að þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2015 - 2019*. Sótt í janúar 2015 af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/34992>.

Fjölskyldustefnur sveitarfélaga. Sótt af heimasíðum sveitarfélaga á tímabilinu september 2013 til janúar 2015.

Guðný B. Eydal og Heimir Hilmarsson. (2012). Fjölskyldur og framfærsla barna þegar foreldrar búa ekki saman. Í Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjóri), *Þjóðarspegillinn, 2012. Rannsóknir í félagsvísindum XIII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2012*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 6. nóvember 2013 af http://skemman.is/is/stream/get/1946/13379/32085/1/GudnyEydal_HeimirHilmars_Fjolskyldub-aetur_og_framfaersla_barna.pdf.

Hagstofa Íslands. (2014). *Hagtíðindi. Laun, tekjur og vinnumarkaður*. (2014:9). Félagsvísar: Skortur á efnislegum lífsgæðum 2004–2013. Reykjavík. Sótt 15. júlí 2014 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=16739>.

Hagstofa Íslands. (2013). *Hagtíðindi. Laun, tekjur og vinnumarkaður*. (2013:2). Spá um mannfjölda 2013–2060. Reykjavík. Sótt 29. apríl 2014 af <http://www.static.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=15409>.

Helsedirektoratet. (2010). *Barn som pårørende*. Oslo. Sótt 10. apríl 2014 af <http://helsedirektoratet.no/publikasjoner/barn-som-parorende/Publikasjoner/barn-som-parorende.pdf>.

Kolbrún Bragadóttir (2010). *Þróun fæðingartíðni á Íslandi og möguleg áhrif efnahagskreppu*. BA ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. Sótt 5. júní 2014 af http://skemman.is/stream/get/1946/4911/14621/1/BA-ritger%C3%B0_Kolbr%C3%BA_n_Bragad%C3%B3ttir.pdf.

- Nordens Vælfærdscenter. (2014). *Börn á Norðurlöndunum. Þróun fjölskyldumiðstöðva á Norðurlöndunum.* Sótt 3. febrúar 2014 af http://www.nordicwelfare.org/PageFiles/415/Inspirationsh%C3%A4ften/6IS_LR.pdf.
- Reykjanesbær. (2011). *Framtíðarsýn Reykjanesbæjar til ársins 2015.* Sótt 14. febrúar 2014 af <http://www.reykjanesbaer.is/files/framtidarsyn-reykjanesbaejar-til-arsins-2015.pdf>.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. *Skólaskýrsla 2013.* Reykjavík: 16. Júlí 2016 af <http://www.samband.is/media/skolaskyrsla/Skolaskyrsla2013.pdf>.
- Robila, M. (ritstjóri). (2013). *Family Policies across the Globe.* New York: Springer.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*, nr. 18/1992. Sótt 28. september 2014 af <http://www.althingi.is/lagas/142/1992018.2c5.html>.
- Ragnheiður G. Eyjólfsdóttir (2013). *Samræming fjölskyldulífs og atvinnu – Hvernig gengur starfsfólki á íslenskum vinnumarkaði að samræma fjölskyldulíf og atvinnu?* Meistaraprófsritgerð: Háskólinn í Reykjavík, Viðskiptadeild. Sótt 2. desember 2013 af <http://skemman.is/browse/author/Ragnhei%C3%B0ur+/Ragnhei%C3%B0ur+Eyj%C3%B3lfsd%C3%B3ttir>.
- Stjórnarráð Íslands. (2013). *Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.* Sótt 9. september 2013 af <http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/>.
- UNICEF. (2013). *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir.* Sótt 22. maí 2014 af http://www.unicef.is/efni/skyrslur/UNICEF_rettindi_barna_ofbeldi_og_forvarnir.pdf.
- Velferðarráðuneytið. (2013) *Félagsvísar. 2. útgáfa 2013.* Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt 12. mars 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/34191>.
- Velferðarráðuneytið. (2013). *Aðgerðir til að vinna gegn fátækt.* Tillögur byggðar á skýrslunni Farsæld – baráttan gegn fátækt á Íslandi. Sótt 6. mars 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/rit-og-skyrslur-vel/nr/33847>.

Heimildir og aðrar tilvísanir í texta

- ¹ Sameinuðu þjóðirnar. (2011). *Ábendingar Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd Íslands á Samningi SP um réttindi barnsins*. 58. fundur nefndarinnar, 19. september til 7. október 2011. Sótt 2. desember 2013 af http://www2.ohchr.org/english/bodies/crc/docs/co/CRC_C_ISL_CO_3-4_en.pdf.
- ² European Commission. (2013). *Investing in children: breaking the cycle of disadvantage*. Sótt 29. apríl 2014 af <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32013H0112&from=EN>.
- ³ Með grunnþjónustu er átt við barnavernd, félagsþjónustu, frístundaþjónustu, heilsugæslu, leik-, grunn- og framhaldsskóla og lögreglu.
- ⁴ Sameinuðu þjóðirnar. (2011). *Ábendingar Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd Íslands á Samningi SP um réttindi barnsins*. 58. Fundur nefndarinnar, 19. september til 7. október 2011. Sótt 2. desember 2013 af http://www2.ohchr.org/english/bodies/crc/docs/co/CRC_C_ISL_CO_3-4_en.pdf.
- ⁵ Gustav Jonsson. (1974). *Den sociala arvs onde cirkel –kan den brytes?** Fremad.
- ⁶ Hagstofa Íslands. (2014, apríl). *Hagtíðindi. Laun, tekjur og vinnumarkaður*. (2014:5). Lágtekjumörk og tekjudreifing. Reykjavík.
- ⁷ Hagstofa Íslands. (2014, nóvember). *Hagtíðindi. Laun, tekjur og vinnumarkaður*. (2014:12). Félagsvísar: Börn og fátækt. Reykjavík: Höfundur.
- ⁸ Hagstofa Íslands. (2014, nóvember). *Hagtíðindi. Laun, tekjur og vinnumarkaður*. (2014:12). Félagsvísar: Börn og fátækt. Reykjavík.
- ⁹ Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009). *Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum*. Reykjavík.
- ¹⁰ Hagstofa Íslands. (2014). Helstu niðurstöður manntals 2011. Sérkeyrsla fyrir velferðarráðuneyti. Reykjavík: Höfundur.
- ¹¹ Hagstofa Íslands. (2014). *Meira brottfall af framhaldsskólastigi utan höfuðborgarsvæðisins*. Sótt 6. janúar 2015 af <http://hagstofa.is/Pages/95?NewsID=10978>.
- ¹² Hagstofa Íslands. (2014, nóvember). *Hagtíðindi. Laun, tekjur og vinnumarkaður*. (2014:12). Félagsvísar: Börn og fátækt. Reykjavík.
- ¹³ Þingskjal 232. 206. mál. (2014–2015). Opinber fjármál (heildarlög).
- ¹⁴ Hrefna Friðriksdóttir. (2013). *Handbók: Barnalög nr. 76/2003 með síðari breytingum*. Reykjavík: Lagadeild Háskóla Íslands.
- ¹⁵ Guðný Björk Eydal og Hrefna Friðriksdóttir. (2010). Framfærsluskyldur foreldra: Meðlagskerfi Norðurlanda. Í Halldór S. Guðmundsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*. (bls. 29–40). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- ¹⁶ Frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða framfærslu barna og meðlag skv. barnalögum. nr. 76/2003. Sótt 22. nóvember 2013 sbr. http://www.innanrikisraduneyti.is/media/2010/Frumvarp_medlag_04.02.10.pdf.
- ¹⁷ Þingskjal 1089. 70. mál. (2013–2014). Jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum. Sótt 26. september 2014 af http://www.althingi.is/dba-bin/skjol.pl?radsv=0&thing=143&naestu=&malnr=70&sklnr=&athm1=&fulltext=0&malhg=&efnisflokkur=&malteg=%5Bafv%5D&athm2=0&visad_til=0&flutn=&kt1=&nafn=&thmsk=&embaett=&thingfl=&nefnd=&skl_1=&skl_2=&timi=
- ¹⁸ Með kjarnafjölskyldu er hér átt við tvo eða fleiri einstaklinga sem eiga sameiginlegt heimili. Kjarnafjölskylda samanstendur af einum eða tveimur fullorðnum einstaklingum og barni/börnum. Fullorðnir einstaklingar sem teljast til sömu kjarnafjölskyldu er ýmist í hjónabandi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð.
- ¹⁹ Hagstofa Íslands. *Talnaefni> Mannfjöldi> Fjölskyldan> Kjarnafjölskyldur eftir sveitarfélögum og fjölskyldugerð 1998–2014*. Sótt 18. júlí 2014 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=14991>.
- ²⁰ Björnberg, U. og Ottesen, M.H. (2013). *Challenges for future family policy in the nordic countries*. The Danish National Center for Social Research. Kaupmannahöfn. Sótt 29. janúar 2015 af <http://sfi.dk/Files/Filer/SFI/Pdf/Rapporter/2013/1338-Challenges-for-future-family-policies.pdf>.
- ²¹ Hagstofa Íslands. (2014). Helstu niðurstöður manntals 2011. Sérkeyrsla fyrir velferðarráðuneyti. Reykjavík: Höfundur.
- ²² Þingskjal 1090. 71. mál (2013–2014). Skráning upplýsinga um umgengisforeldra. Sótt 28. september 2014 af http://www.althingi.is/dba-bin/skjol.pl?radsv=0&thing=143&naestu=&malnr=71&sklnr=&athm1=&fulltext=0&malhg=&efnisflokkur=&malteg=&athm2=0&visad_til=0&flutn=&kt1=&nafn=&thmsk=&embaett=&thingfl=&nefnd=&skl_1=&skl_2=&timi=
- ²³ Children and young people's trust. (e.d). *Solihull Approach Training*. Sótt 13. ágúst 2014 af <http://www.lancashirechildrenstrust.org.uk/news/?articles=73797>.
- ²⁴ Linda Rún Traustadóttir og Ásta Gísladóttir (2013) *Viðhorf skjólstaðinga Fjölskylduráðgjafar Heilsugæslunnar á Akureyri til þjónustunnar sem þar er í boði*. BA-rigerð: Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið. Sótt 13. júlí 2014 af <http://skemman.is/item/view/1946/15399>.
- ²⁵ Sigrún Júlíusdóttir. (2010). Tíminn og barnið. Um ratarask og foreldraást. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Velferð barma. Gildismat og ábyrgð samfélagsins*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Siðfræðistofnun; Sveindís Anna Jóhannsdóttir. (2013). *Þarfir, reynsla og viðhorf foreldra: Rannsókn á sálfélagslegri þjónustu*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild. Sótt 13. ágúst 2014 af http://skemman.is/stream/get/1946/15066/35920/1/MA_lokautgafa_mai_2013.pdf.
- ²⁶ Barnaverndarstofa (2014). *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofa árin 2012 og 2013*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 12. nóvember 2014 af <http://www.bvs.is/media/samanburdarskyrslur-tolulegar-uppl/Skyrsla-um-samanburd-2012-og-2013.pdf>.
- ²⁷ Flay et al. (2005). Standards of Evidence: Criteria for Efficacy, Effectiveness and Dissemination. *Prevention Science*, 6, (3). September 20015. Sótt 12. september 2014 af <http://link.springer.com/article/10.1007/s11121-005-5553-y#page-2>.

- ²⁸ Weissberg, R. P., Kumpfer, K. L.; Seligman, M. E. P. (2003). Prevention that works for children and youth: An introduction. *American Psychologist*, 58 (6-7), 425–432. Sótt 19. ágúst 2014 af <http://psycnet.apa.org/journals/amp/58/6-7/425/>.
- ²⁹ Sjá t.d. rannsóknir verkefnisins *EU-Kids online*. Sótt 7. janúar 2015 af <http://www.lse.ac.uk/media@lse/research/EUKidsOnline/Presentations/InsafeVilniusSept2014.pdf>.
- ³⁰ A European strategy to deliver a better internet for our children: <http://ec.europa.eu/digital-agenda/en/european-strategy-deliver-better-internet-our-children>. Sjá einnig: S Livingstone, L Haddon, A Görzig, K Ólafsson (2010) Risks and safety for children on the internet: The UK report.
- ³¹ Eva Rós Ólafsdóttir. (2012). *Strákar og tölvuleikir: Rannsókn á liðan, sjálfstjórn og notkun*. Meistaraprófsritgerð. Háskóli Íslands, Félagssráðgjafardeild. Sótt 28. nóvember 2014 af <http://skemman.is/item/view/1946/13504>.
- ³² Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2006). *Unge, køn og pornografi i Norden*. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin. Sótt 28. nóvember 2014 af http://www.researchgate.net/publication/236900660_Pornography_and_sex_among_adolescents_in_Iceland; Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl. (2010). *The Nordic Youth Research among 19 to 19 year old in Åland Islands, Denmark, Faroe Islands, Finland, Greenland, Iceland, Norway and Sweden*. Norræna ráðherranefndin.
- ³³ Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2006). *Unge, køn og pornografi i Norden*. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin.
- ³⁴ Lögreglan. *Afbrotatölfræði RLS 2013*. Sótt 26. janúar 2014 af http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Afbrotatölfræði-RLS_2013.pdf.
- ³⁵ Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). Skilgreining á hugtakinu tómsundur. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Sótt 12. desember 2014 af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/025.pdf>.
- ³⁶ Æskulýðslög, nr. 70/2007.
- ³⁷ Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2012). *Aðstæður reykviskra foreldra: Félaglegt tengslanet, tómsundur og almennt heilsufar barna*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 13. ágúst 2014 af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefing_efni/adstaedur_reykviskra_foreldra_030512.pdf.
- ³⁸ Starfshópur um skólagöngu og frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti. (2006). *Greinargerð og tillögur starfshópsins*. Sótt 13. ágúst 2014 af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefing_efni/greinargerdogtillogurstarfshopsbreidholti.pdf.
- ³⁹ Rannveig Traustadóttir o.fl. (2011). *Fátæk og félagslegar aðstæður öryrkja*. Sótt 29. janúar 2015 af http://fotlunarfraedi.hi.is/sites/fotlunarfraedi.hi.is/files/Fataekt_og_felagslegar_adstaedur_drog.pdf.
- ⁴⁰ Inga D. Sigfúsdóttir, Álfgeir L. Kristjánsson, Þórólfur Þórlindsson og Allegrante, J. P. (2008). *Trends in prevalence of substance use among Icelandic adolescents, 1995–2006*. Sótt 26. janúar 2015 af <http://www.substanceabusepolicy.com/content/3/1/12>.
- ⁴¹ Fyrsta stig grunnskóla miðast við fyrstu fjögur skólaárin og sækja því börn á aldrinum 6–9 ára það skólastig.
- ⁴² Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Stefnumótun í íþróttamálum*. (2011). Sótt 15. október 2014 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=3EDBAC67B14867DC0025791300486418&action=openDocument>.
- ⁴³ Desforges, C. and Abouchaar, A. (2003). *The Impact of Parental Involvement, Parental Support and Parental Education on Pupil Achievements and Adjustment: A Literature Review*. Birmingham City Council, Department for Education and Skills. http://bgfl.org/bgfl/custom/files_uploaded/uploaded_resources/18617/desforges.pdf; Heimili og skóli. (e.d.). *Sóknarfæri með nýrri menntastefnu – aukin aðkoma foreldra*. Sótt 30. október 2014 af http://www.heimilioskoli.is/media/files/1265894029/Soknarfaeri_med_nyrri_menntastefnu_-_43_vika_forvarnir.pdf. Reykjavík.
- ⁴⁴ *Reglugerð um skólaráð við grunnskóla*. Sótt 19. september 2014 af <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>.
- ⁴⁵ OECD. (2014). *Quarterly Employment Situation. News Release: 4th Quarter 2013*. París: Höfundur. Sótt 14. ágúst 2014 af <http://www.oecd.org/std/labour-stats/QES-0414.pdf>
- ⁴⁶ Hagstofa Íslands. (2014, ágúst). *Hagtíðindi. Laun, tekjur og vinnumarkaður*. (2014:10). Vinnumarkaður á 2. ársfjórðungi 2014. Reykjavík.
- ⁴⁷ OECD. (2014). *Family Database*. (SF2.1). Fertility rates. Social Policy Division – Directorate of Employment, Labour and Social Affairs. Sótt 18. nóvember 2014 af http://www.oecd.org/social/family/SF2_1_Fertility_trends.pdf.
- ⁴⁸ Fæðingarorlofsjóður. (e.d.). *Upphæðir fæðingarorlofs og fæðingarstyrks*. Sótt 22. janúar 2015 af <http://www.faedingarorlof.is/upphaedir-faedingarorlofs-og-faedingarstyrks/>.
- ⁴⁹ Moss, P. (2014). *Review of Leave Policies and Related Research 2014*. London: Institute of Education. University of London. Sótt 27. nóvember 2014 af http://www.leavenetwork.org/fileadmin/Leavenetwork/Annual_reviews/2014_annual_review_korr.pdf.
- ⁵⁰ Arnalds, Á., Eydal, G.B. and Gíslason, I.V. (2013). Equal rights to paid parental leave and caring fathers- the case of Iceland. Í *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 9, (2), 323-344. Reykjavík: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.
- ⁵¹ Eydal, G. B, Rostgaard, T. (2011). Gender equality re-visited: Changes in Nordic child-care policies in the 2000s. *Regional issue, Social Policy & Administration*, 45(2), 161-179. Sótt 12. febrúar 2014 af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1467-9515.2010.00762.x/full>.
- ⁵² Þingskjal 435. 6. mál. (2013-2014). Leikskóli að loknu fæðingarorlofi. Sótt 28. september 2014 af <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=143&mmr=6>.
- ⁵³ NOSOSKO. (2014). *Social tryghed i de nordiske lande. Omfang, udgifter og finansiering. 2012/2013*. (57:2014). Bls. 106. Kaupmannahöfn: Höfundur.
- ⁵⁴ Þóra Kristín Þórsdóttir. (2012). Vinna og heimilislíf. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstjórar), *Próun velferðarinnar* (bls. 301–321). Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ.

- ⁵⁵ OECD. (2014). *Family Database*. Social Policy Division – Directorate of Employment, Labour and Social Affairs. LMF1.2: Maternal employment rates. Sótt 4. desember 2014 af http://www.oecd.org/social/family/LMF1_2_Maternal_Employment_Sep2014.pdf.
- ⁵⁶ OECD. (2014). *Family Database*. (SF2.1). Fertility rates. Social Policy Division – Directorate of Employment, Labour and Social Affairs. Sótt 4. desember 2014 af http://www.oecd.org/social/family/SF2_1_Fertility_trends.pdf.
- ⁵⁷ NOSOSKO. (2014). *Social trygghed i de nordiske lande. Omfang, udgifter og finansiering. 2012/2013*. (57:2014). Bls. 49. Kaupmannahöfn: Höfundur.
- ⁵⁸ Holman, C., Joyeux, B. and Kask, C. (2008). Labor productivity trends since 2000, by sector and industry. Í *Monthly Labor Review*, 131,(2), 64–82.
- ⁵⁹ Velferðarráðuneytið. (2013). *Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs: Greinargerð vinnuhóps um samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs*. Reykjavík. Sótt 13. ágúst 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/Samraeming-fjolskyldu-og-atvinnulifs-lokaskjal.pdf.
- ⁶⁰ Heimili og skóli. Hver vill styttri vinnuviku? (2014, ágúst). *Tímarit Heimilis og skóla*. bls. 6. Reykjavík: Heimili og skóli.
- ⁶¹ Velferðarráðuneytið. (2013). *Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs. Greinargerð vinnuhóps um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs*. Reykjavík.
- ⁶² Hjálparstarf kirkjunnar og Rauði krossinn. (2012). *Farsæld. Baráttan gegn fátækt á Íslandi*. Reykjavík.
- ⁶³ Landspítali. (e.d.). *Foreldrar, meðganga, barn – FMB*. Göngudeild geðdeildar LSH – Ferli og bráðasvið. 2011–2013. Sótt 10. október 2014 af <http://www.landspitali.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=27197>.
- ⁶⁴ Bickerstaffe, S. (2013). *Towards whole person care*. London: Institute for Public Policy Research. Sótt 17. september 2014 af http://www.ippr.org/assets/media/images/media/files/publication/2013/11/whole-person-care_Dec2013_11518.pdf.
- ⁶⁵ Nordens Vælfærdscenter. (2012, November). *Nordens Barn. Tidiga insatser för barn och familjer. Projektresultat*.
- ⁶⁶ Children and young people’s trust. (e.d). *Solihull Approach Training*. Sótt 13. ágúst 2014 af <http://www.lancashirechildrenstrust.org.uk/news/?articles=73797>.
- ⁶⁷ The Scottish Government. (e.d.). *Public service reform*. Sótt 19. ágúst 2014 af <http://www.scotland.gov.uk/Topics/Government/PublicServiceReform>.
- ⁶⁸ Þingskjal 604. 470. mál (2012–2013). Velferðarstefna –heilbrigðisáætlun til ársins 2020. Sótt 28. september 2014 af http://www.althingi.is/dba-bin/skjol.pl?radsv=0&thing=141&naestu=&malnr=470&sklnr=&athm1=&fulltext=0&malhg=&efnisflokkur=&malteg=&athm2=0&visad_til=0&flutn=&kt1=&nafn=&thmsk=&embaett=&thingfl=&nefnd=&skl_1=&skl_2=&timi=.
- ⁶⁹ Velferðarvaktin. (2013, desember). *Skýrsla Velferðarvaktarinnar*. Sótt 29. september 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyslur-2014/Lokaskysrsla-Velferdarvaktarinnar-desember-2013.pdf>.
- ⁷⁰ Malmö Stad. (2012). The commission for a socially sustainable. Interim Report 2012. Malmö.
- ⁷¹ The Boston Consulting Group. (2011). Health Care System reform and short term savings opportunities.
- ⁷² Guðbrandur Árni Ísberg. (2013). *Í nándinni, Innlifun og umhyggja*. Reykjavík: JPV útgáfa; Sæunn Kjartansdóttir. (2009). *Árin sem enginn man*. Reykjavík: Mál og menning.
- ⁷³ Linda Rún Traustadóttir og Ásta Gísladóttir (2013) *Viðhorf skjólstaðinga Fjölskylduráðgjafar Heilsugæslunnar á Akureyri til þjónustunnar sem þar er í boði*. BA-rigerð: Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið. Sótt 3. júní 2014 af <http://skemman.is/item/view/1946/15399>.
- ⁷⁴ Velferðarráðuneytið. (2013, nóvember). *Skýrsla nefndar um samhæfða þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og gedraskanir*. Sótt 10. júní 2014 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/Skyrsla-um-samhaefda-thjonustu-vid-born-med-alvarlegar-throska--og-gedraskanir--an-ISBN.pdf.
- ⁷⁵ Þingskjal 508. 89. mál. (2013–2014). Mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlunar. Sótt 9. október 2014 af http://www.althingi.is/dba-bin/skjol.pl?radsv=0&thing=143&naestu=&malnr=&sklnr=&athm1=&fulltext=0&malhg=ge%F0heilbrig%F0isstefnu&efnisflokkur=&malteg=%5Bafv%5D&athm2=0&visad_til=0&flutn=&kt1=&nafn=&thmsk=&embaett=&thingfl=&nefnd=&skl_1=&skl_2=&timi=.
- ⁷⁶ Lögreglustjórnin á Suðurnesjum. (2014). *Ársskýrsla lögreglustjórnans á Suðurnesjum 2013*. Sótt 18. nóvember 2014 af <http://www.logreglan.is/upload/files/%C3%81rssk%C3%BDrsla%20LSS%202013.pdf>.
- ⁷⁷ Jafnréttisstofa. (2014, nóvember). *Bætt verklag getur skilað árangri í baráttu gegn heimilisofbeldi*. Sótt 18. nóvember 2014 af <http://jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadNews3&ID=1100&CI=0>.
- ⁷⁸ Thorarinn Tyrfingsson et al. (2010). *Addictions and their familiarity in Iceland*. *Annals of the New York Academy of Sciences*.
- ⁷⁹ Junis - IOGT-NTOs Juniorförbund. (2014). *Gör skillnad. Om kommunernas stöd till barn som växer upp i familjer med missbruk*. Sótt 24. september 2014 af <http://www.junis.org/publikationer/Kommunrapp2014/#1>.
- ⁸⁰ SÁÁ, Samtök áhugafólks um vímuefnavandann. (e.d.). *Sálfræðiþjónusta SÁÁ fyrir börn alkóhólista*. Sótt 11. desember 2013 af <http://www.saa.is/islenski-vefurinn/medferd/salfraedithjonusta-fyrir-born/>.